This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

5745
625.100



Digitized by Google

Scan
5745
625.100



Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

MÍNIR VINIR,

DÁLÍTIL SKEMMTISAGA,

EPTIR

ÞORLÁK Ó. JOHNSON,

VERZLUNARMANN.

REYKJAVÍK.

PRENTAÐ HJÁ EINARI ÞÓRÐARSYNI

1879.

Digitized by Google

Scan 5745.470

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

G.

Kostar innhept í kápu 75 aura.

Digitized by Google

Það var snemma í júnímánuði árið 18.., að Ástríður húsfreyjan á Brjámslæk við Breiðafjörð vaknaði einn morgun, eins og hún átti vanda til. Þegar hún kom út undir bæjarvegginn, sá hún að sólin skein í heiði á einhverjum þeim fegursta vormorgni, sem líta má á voru svipmikla landi. Hinn tignarlegi Breiðafló lá eins og í sætum draumi, spegilfagur af logninu; fjöllin spegluðu sig í þessum mikla og tignarlega spegli náttúrunnar, rjett eins og þau vildu segja: ó! maður, sjáðu meistarann, sem hefur með almætti sínu skapað þessa fögru sjón. Þeir, sem hafa komið á Breiðafjörð, geta máske gjört sjer nokkra hugmynd um, hversu hrífandi sjón það er, að sjá hann í slíkri kyrrð í björtu veðri, snemma á fögrum vormorgni; slík sjón hefur góð áhrif á hvert það hjarta, sem ekki er orðið kalt í lífsins skóla, góð áhrif á sjerhverja tilfinningarmikla sál. Ef vjer hefðum getað litið inn í sál Ástríðar á þessum fagra morgni, þá var þar að sínu leyti eins mikil ró og friður, eins og hvíldi yfir náttúrunni í kringum hana. Af hverju var hjá henni þessi sálarrósemi? Af því hún átti mikið lífsstarf fyrir hendi, og af því hún treysti honum, sem hafði gefið henni tilveru og líf; hún vissi það með sjálfri sjer, að hún mátti vera viss um þá hjálp og aðstoð, sem hún þurfti við; þess vegna hafði hún enga orsök til að mögla, eða vera óánægð með lífið, sem er og verður skapar-

Digitized by Google

ans veglegasta gjöf. Þegar Ástríður var búin að lesa morgunbænir sínar, gekk hún inn aptur og vakti fólkið; sagði því síðan fyrir störfum heimilisins, og þannig var dagsvinnan byrjuð þennan dag. Maður Ástríðar, er hjet Ólafur og var Bjarnason, var ekki heima, þegar þessi saga byrjar; hann var í kaupstaðarferð, og var ekki von á honum fyr en daginn eptir. Þegar á daginn leið, kom pósturinn frá Bæ í Króksfirði; hafði hann ýms brjef að færa, er áttu að fara til Bíldudals og Patreksfjarðar. Eitt af brjefunum var samt til manns Ástríðar, en af því, að hann ekki var kominn heim, vildi hún ekki rífa það upp; hún leit utan á það, og sá að það var með Reykjavíkur póstmerki; grunar hana þá strax, að það muni vera frá kaupmanni Laurentíusi Svendsen, og muni vera viðvíkjandi Kjartani syni þeirra. Ólafur hafði nýlega skrifað Laurentíusi kaupmanni, og beðið hann að taka son sinn, og kenna honum til verzlunar. Þeir Ólafur og Laurentíus höfðu verið kunnugir, þegar þeir voru ungir, því Laurentíus hafði alizt upp með Ólafi við Ísafjarðardjúp. En um sama leyti, og Laurentíus flutti sig til Reykjavíkur, flutti Ólafur sig til Brjámslækjar við Breiðafjörð.

Eins og til stóð kom Ólafur bóndi heim úr kaupstaðarferðinni daginn eptir, og var Kjartan sonur hans í för með honum, því hann hafði fengið að fara í kaupstaðinn með honum að gamni sínu. Þegar þeir feðgar komu heim, tók húsfreyja á móti þeim með mikilli blíðu. Hún hafði jafnan þann vana, að taka sem bezt á móti manni sínum, þegar hann kom heim úr ferðalagi, og sýndi hún í því, að hún var góð kona, og leitaðist jafnan við, að gjöra heimilið svo ástúðlegt manni sínum, að hann jafnan áleit það hina friðsömu

Digitized by Google

höfn, sem hvert gott heimili á að vera. Ástríður var í sannleika hinn bezti kvennkostur, eins og líka hún var ástúðleg og nærgætin móðir. Allir, sem þekktu hana gátu eigi annað en virt hana og elskað. Þegar Kjartan sonur hennar var kominn til vits og ára, og var farinn að geta tekið eptir orðum hennar, var hún opt vön að ganga með honum út á túnið, og vekja athygli hans á fegurð náttúrunnar, með því að sýna honum eitthvert fagurt blómstur, lýsa fyrir honum fegurð þess, tala um hina fögru liti þess, og það lífsafl, sem það hefði til að vaxa á jörðunni, mönnunum til gagns og gleði. Eptir að hún hafði talað við hann um þessa margbreytni blómstranna útskýrði hún fyrir honum hina dásamlegu stjórn og niðurröðun á öllum hinum mörgu tegundum lifandi og dauðum, sem eru í ríki náttúrunnar. Þegar athygli drengsins var þannig vakið, leiddi hún opt samtalið frá náttúrunni upp til hins mikla meistara, sem skapað hefði allt þetta, — hún talaði um vísdóm hans og gæzku, að hafa skapað manninn, sem þá æðstu veru á jörðunni, er væri gædd þeim eiginlegleikum að geta tekið eptir og dáðst að öllum hans handaverkum. Eptir því sem drengurinn þroskaðist meir og meir, útskýrði hún æ betur og betur fyrir honum sambandið á milli hins góða og fagra, og með því vakti hún í sálu hins unga drengs hreinar og góðar hugsanir; hún kenndi honum að vera lítilátur og glaður í viðmóti við alla menn, og virða meðbræður sína eptir því sem þeir væru góðir og vandaðir til, en ekki eptir auðæfum eða metorðum. Hún minntist á hin ýmsu framför mannanna í því góða, á stríð og baráttu mannkynsins, á takmarkið og fullkomnunina. Hún endaði opt samtalið við son

Digitized by Google

sinn með því, að brýna fyrir honum trúna á hina alvísu forsjón, er hjeldi sinni máttugu hendi yfir öllum viðburðum lífsins, og því mættu menn aldrei örvinglast eða láta hugfallast, þó ekki allt gengi eins og menn óskuðu; með þessu glæddi hún kærleikans ljós í brjósti hins unga drengs, og er það hið fyrsta skilyrði fyrir því, að mennirnir verði vitrir og farsælir.

Þannig höfum vjer nú lýst nokkuð móður Kjartans, og efumst vjer ekki um, að vjer hljótum að telja hana á meðal vina vorra. Þá er nú næst, að lýsa nokkuð vorum unga vini Kjartani. Þegar hjer byrjar saga vor, var hann 18 ára gamall, og var talinn með efnilegri ungum mönnum á hans aldri. Eins og nærri má geta, unni hann móður sinni hugástum, og sýndi það í sínu daglega framferði, að kenningar hennar og ráð höfðu eigi fallið í grýtta jörð. Hann var mjög tilfinningasamur, og ekki laust við, að hann yrði ofmikið hrifinn, þegar eitthvað það kom fyrir, er reyndi á tilfinningarsemi hans; hjarta hans var viðkvæmt og heitt, var hann því einn af þeim ungu mönnum, sem hentast er að vera í góðum fjelagsskap, því tilfinningarsömum mönnum er opt hættara við að fara afvega á lífsins varasömu braut, heldur en þeim, sem eru harðgerðir í lund, og eins og reikna allt út, áður en þeir hætta sjer út í það og það. Þegar hjer var komið sögunni, hafði faðir hans látið kenna honum ýmsar bókmenntir, svo sem skript, reikning, landafræði, mannkynssögu og dönsku. Hjá sóknarprestinum sjera Snorra Eiríkssyni hafði hann fengið góðan vitnisburð fyrir gáfur, einkum fyrir góðan skilning á kristindómi sínum, þegar hann var staðfestur. Nú er þá að

Digitized by Google

geta þess, sem hjer var nefnt að framan, að þeir feðgar voru komnir heim úr kaupstaðarferðinni. Fjekk þá Astríður manni sínum brjefið úr Reykjavík; var það frá Laurentíusi kaupmanni Svendsen, og hljóðaði þannig:

Reykjavík í maí 18..

Góði vin,

Jeg meðtók brjef þitt dagsett 4. apríl, og skal jeg besvara því nú þegar. Þú biður mig um, að taka son þinn, Kjartan, í Handelslæri hjá mjer í Reykjavík, og með því jeg hef þekkt þig sem strætsomman mann, vænti jeg að sonur þinn muni, ef til vill, fylgja sama Bana hjá einum praktiskum Handelsmanni, eins og jeg er almennt befundinn að vera. Þú getur því sent son þinn til mín við fyrsta Leiligheit, og skal hann standa hjá mjer í læri í 4 ár. Fyrsta árið læt jeg hann fá Klæðning Kost og Logi; annað árið gef jeg honum, ef hann reynist upplagður fyrir Handelin 200 kr; þriðja árið 300 kr. og fjórða árið 400 kr., þetta er náttúrlegvísa fyrir utan Kost og Logi, sem jeg bestridi út úr minni eigin Lommu, án viðari Bemærkninga er jeg þinn vin

Laurentius Svendsen.

Þegar Ólafur var búinn að lesa brjefið, sem honum þótti nokkuð dönskuskotið, var það afráðið á milli þeirra hjóna að taka boðum Laurentíusar; var Kjartani sagt frá brjefinu, og hverjum kjörum hann skyldi sæta. Varð Kjartan mjög glaður við það, því bæði hafði hann lengi óskað þess, að komast að verzlun, og svo langaði hann til að sjá nýja siði, og nýtt fólk í sjálfum höfuðstað landsins. Móður hans þótti slæmt að missa hann, en hún vissi, að heimskt er heimalið

Digitized by Google

barn», og því vildi hún með engu móti láta það á sjer sjá, þó hún kviði fyrir þeirri stundu, er hún átti að skilja við son sinn. Móðurhjartað er viðkvæmt, og mátti heimfæra það til Ástríðar, því á meðan þessir fáu dagar liðu, sem verið var að útbúa Kjartan, komst hún opt við með sjálfri sjer, þegar hún fór að hugsa um þessi vegamót á lífsleið Kjartans; hún vissi að sönnu, að hún hafði gjört allt það, sem góð og ástúðleg móðir gat gjört fyrir barn sitt, með því að kenna honum að elska hið góða og fagra, og venja sig á góða siði, en hún gat samt ekki vitað, hverja festu slík kenning hefði tekið í hjarta hans, þegar hann ætti að mæta allskonar freistingum, og hafa umgengni við óþekkta menn með margvíslegum skoðunum. Einkum var hún stundum áhyggjufull um það, hvort Kjartan mundi reynast trúr og einarður föðurlandsvinur, sem er eitt af hinum fyrstu skilyrðum til þess að verða nytsamur borgari í mannlegu fjelagi. En innan um allar þessar efasemdir hafði hún óbilugt traust á forsjónarinnar huldu hendi, er mundi vaka yfir þessu barni hennar, er hún elskaði svo heitt.

Ferð Kjartans til Reykjavíkur.

Þegar allt var tilbúið, er Kjartan átti að hafa með sjer, var kominn sá morgun, er hann átti í fyrsta sinn að fara úr föðurhúsunum. Þegar hann var búinn að kveðja allt fólkið, gekk hann til föður síns og móður, og kvaddi þau með hrærðu hjarta. Þeir, sem einhvern tíma hafa reynt hið sama, geta máske skilið, hversu ýmsar tilfinningar hafi hreift sjer í hjarta hans á þessum vegamótum lífsins. Hann vissi vel, að hann varð nú að sjá á bak ástúðlegustu móður og elskuríkum

Digitized by Google

föður. Hann varð nú að skilja við marga æskuvini sína, og honum gat vel til hugar komið, að það gæti verið í síðasta sinni. Þegar hann reið fram með brekkunum, sem hann hafði svo opt setið í, þá er hann var að hugsa um þær mörgu vekjandi hugvekjur, er móður hans hafði gefið honum, var eins og hann fyndi til einhverrar sorgar í hjarta sínu; hin hulda framtíð lá öll hulin fram undan honum. Hann reið fram með hinum silfurtæra læk, sem svo opt hafði svalað honum, þá hann var þyrstur; lækurinn var hinn sami. Þessi sífelda yða hjelt stöðugt áfram, eins og lifandi vera, bendandi honum á tímann, sem jafnan líður og kemur aldrei aptur. Grösin með allri sinni óendanlegu margbreytni voru þarna á þeim stað, sem hann hafði svo opt sjeð þau áður. Honum fannst, eins og þau væru öll að kveðja sig vonarkveðju. Hann sá gjörla, að öll þessi blóm kvöddu sig í hinnsta sinni, því hann vissi það, að ekki mundi hann sjá hin sömu blóm aptur, þótt hann eptir langan tíma ætti aptur-hvarf. Veðrið var hið bjíðasta, kyrrð og ró hvíldi yfir allri náttúrunni. Einhver óróleg tilfinning hreifði sjer í brjósti hins unga manns. Með þessum og öðrum tilfinningum í hjarta hans hreifðu sjer einnig aðrar tilfinningar, sem eru samfara æskumanninum. Hann vissi að hann var á leiðinni til þess að sjá eins og nýja veröld; honum gat ekki dulizt, að með þessari snöggu breytingu á lífsstöðu hans var honum fengið eitthvað það í hendur, er hann varð að varðveita og geyma vel; hann varð að geyma heiður sinn og sóma sinna foreldra; samfara hinum sorglegu tilfinningum var einnig hin gleðilega meðvitund um það, að hann var á leiðinni inn í lífsins skóla. Vjer skulum ekki

Digitized by Google

efast um, að hann hafi haft einlægan og góðan vilja til þess, að reynast góður sonur, en jafnframt því vissi hann einnig að, þrátt fyrir góðan vilja og hinn bezta ásetning, getur margt út af borið, og að það er satt, sem skáldið segir:

Stutt er æfin, listin er löng,
og lífsins braut í sannleika þröng;

að þessi orð hafi sjerstaklega mátt heimfæra upp á Kjartan, mun saga vor betur skýra frá.

Kjartan kemur til Reykjavíkur.

Ferð Kjartans til Reykjavíkur gekk mjög vel; á fimmta degi frá því hann fór á stað, reið hann ofan í höfuðstað landsins, um miðaptansbil. Þegar hann var kominn yfir Elliðaárnar, fór hann að verða var við miklar mannaferðir, er ýmist komu úr Reykjavík eða voru á ferðinni þangað. Vegurinn var ágætur, breiður og sljettur, og mátti sjá á öllu, að fjölmenn borg var í nánd. Þegar hann reið fram hjá Skólavörðunni[1],

1) Frá Skólavörðunni, er stendur á holti skammt frá höfuðstaðnum, er mikil og fögur útsjón. Snæfellsjökull sjest þaðan glögglega, og eins fjallgarður sá, sem frá honum gengur, nema vatnar yfir hann á stöku stöðum, þar sem hann er lægstur, en þegar kemur austur fyrir Fagraskógarfjall sjest hann ekki lengur, því Akrafjall ber þá rjett í hann. Til austnorðurs frá Akrafjalli, inn með Hvalfirði að vestanverðu, sjást fjöll þau, sem liggja fyrir ofan Hvalfjarðarströndina, þar til Esjuna ber í þau; hún er fyrir austan mynnið á Hvalfirði, á móts við Akrafjall, og liggur Kjalarnes fram undan henni. Hún er hátt og svipmikið fjall, og er sem hún bjóði hinu fagra Kjalarnesi friðsamt skjól í faðmi sínum. Fjallgarður sá, sem liggur frá Esjunni allt fram á Garðsskaga, sjest allur glögglega, og sömuleiðis mikill hluti Mosfellssveitar. Reykjavík er í kvos fyrir neðan holtið, sem varðan stendur á, og er meginhluti húsanna í henni, svo

Digitized by Google

dáðist hann að hinni fögru og tignarlegu sjón, sem hvervetna var í kringum hann, er hann leit út yfir Faxaflóa, en mest gladdist hann við það, er hann sá hinn gamla vin sinn, Snæfellsjökul, blasa rjett á móti sjer í fjarska, og sló kveldsólin gullnum aptanroða á hinn hvíta og svipmikla skalla hans. Það var eins og hann sæi góðan vin heilsa sjer á ókunnu landi og bjóða sig velkominn.

Sölubúð Laurentíusar Svendsen.

Sölubúð Laurentíusar kaupmanns var austan til í bænum, í hinu svokallaða Strandstræti. Hún var svo lögð, að framhliðin á henni sneri út að götunni, og voru á henni þeim megin margir og stórir gluggar. Út í gluggana var látinn allskonar glysvarningur, sem menn gátu sjeð af götunni. Þegar inn var komið, var búðarborðið nálega eptir endilangri búðinni. Fyrir innan borðið var gangrúm, svo hyllur og skápar á alla vegu; í hyllunum voru allskonar vefnaðarvörur, og í skápunum smíðatól og fleira þesskonar. Fyrir öðrum endanum var hurð, og var þar inn af skrifstofa; á sömu hlið við hinn endann var önnur hurð, og þar inn af var geymsluherbergi. Upp á loptinu voru einnig hyllur og skápar á báða vegu, hvar ýmsar vörur voru geymdar. Auk þessa voru tvö herbergi önnur uppi á loptinu.

---

fjöldamörg af þeim sjást þaðan ekki, og ekki nema að eins ofan á þökin á sumum þeirra. Frá vörðunni sjest einnig Seltjarnarnes og Álptanes. Allur hinn breiði Faxaflói blasir hjer við augum, eins og líka Reykjavíkurhöfn með eyjunum Effersey, Akurey, Engey og Viðey. Á kyrru sumarkveldi mun óvíða á Íslandi vera fagrari og fjölbreyttari sjón, en líta má frá Skólavörðunni.

Digitized by Google

Kjartan fór af baki við búðardyrnar; sá hann þá, að þar var margt verzlunarfólk inni. Jafnskjótt og hann var stiginn af baki, kom Laurentíus kaupmaður út til hans, og biður hann velkominn. Síðan leiðir hann Kjartan með sjer inn í búðina, og fer með honum inn í skrifstofu þá, er vjer gátum um hjer að framan. Segir hann Kjartani, að hann hafi átt von á honum, og hafi því útvegað honum bústað hjá madömu Sörensen; þar eigi hann að hafa kost og eitt svefnherbergi. Að því búnu kallar hann á assistent Loppesen, og biður hann að fylgja Kjartani þangað, en getur þess um leið, að hann vonist eptir að sjá Kjartan tímanlega næsta morgun, því nóg væri að gjöra núna um hálestatímann.

Laurentíus kaupmaður Svendsen.

Laurentíus Svendsen var bóndason úr Ísafjarðarsýslu; hans rjetta skírnarnafn var Lárus Sveinsson. Snemma í æsku kom faðir hans honum í hús á Ísafirði hjá þeim Sandholtsbræðrum, er þá voru álitnir mestir kaupmenn vesturlands, og voru í fjelagi með Clausen stórkaupmanni. Þeim húsbændum hans leizt vel á drenginn, því hann var ötull og árræðinn; en til þess að geta kennt honum verzlunarfræði sína til hlýtar, kunnu þeir betur við að gefa nafni hans danska hneigingu, og fengu hann til að kalla sig Laurentíus Svendsen; er þetta nafn hans þannig tilkomið. Laurentíus var hjá þeim í mörg ár, og er sagt, að hann hafi unnið hjá þeim bæði náð og hylli. Voru margar orsakir til þess. Fyrst og fremst var hann, eins og vjer nefndum að framan, ötull og ósjerhlífinn, einnig mjög námfús á ýmsar skoðanir þeirra húsbænda sinna.

Digitized by Google

Hann fjekk fljótt þá skoðun, að allir verzlunarmenn grósseranna (þannig voru þeir nefndir vanalega í daglegu tali) væru dónar, eða sem húsbændur hans kölluðu þá «próletara». Enn fremur kannaðist Laurentíus fljótt við það, að grósserarnir væru að halda lífinu í skiptavinum sínum af eintómum mannkærleika og göfuglyndi, og sagði hann því viðskiptamönnunum opt og einatt í búðinni, að það væru einungis grósserarnir, sem ættu þá með húð og hári, þar þeir lánuðu þeim svo opt, og því væri bezt fyrir þá að vera auðmjúkir, vera ekki heimtufrekir um prísinn á sinni vöru, og en síður hirða um prísinn á útlendu vörunni. Auk þessa þótti Laurentíusi það ekki spilla til, þótt hann í daglegu tali brygði fyrir sig ýmsum setningum úr dönskunni, sem hann tvinnaði svo aðdáanlega saman, að ekki nema einstakir gáfumenn skildu. Hann talaði um að «spíssa frúkost», að «befala dónunum lydigheit», að «bedraga grosserana», að «forstyrra einn í hans ærlegu næringu», að «biðja övrigheitin um að múlktera», að «belasta skipin», að «drekka aðskillega dramma», að «standa til síðu», að «vera póleraður maður». Margt fleira mætti til tína eptir Laurentíusi, ef rúm leyfði.

Eptir margra ára vinnu fór Laurentíus Svendsen til Kaupmannahafnar, keypti sjer skip, og settist síðan að sem kaupmaður í Reykjavík; þar ljet hann gjöra búð þá, er vjer höfum lýst. Var hann búinn að verzla í henni í mörg ár, þegar saga vor byrjar. Heldur fór verzlun hans hnignandi á seinni árum, og voru ýmsar orsakir til þess. Þegar hann tók að eldast, varð hann mjög stirður í skapi og næsta óþýður við alla sína skiptavini, en ekki minnkaði samt álit hans á sjálfum

Digitized by Google

sjer og vizku sinni. Þessu dagfari hans var ekki eins vel tekið í höfuðstaðnum, eins og á Ísafirði; var því ekki laust við, að sjálfir «próletararnir» hentu gaman að kaupmanninum. Í sínum pólítiska skoðunum var hann fjarska gamaldags (konservatív). Hann vildi ekki að «dónarnir» fengu neitt frelsi, heldur að þeim væri eingöngu stjórnað af hinum efnuðu; hann áleit jafnframt, að peningarnir væru það eina, sem dugað gæti, eða væri nokkurs vert í heimi þessum.

Fjelagar Kjartans í búð Laurentíusar.

Eins og hinn nýi húsbóndi Kjartans hafði minnt hann á kveldinu áður, kom hann tímanlega í búðina, og reis árla úr rekkju. Það var um miðjan morgun þá hann kom í búðina; var þá búið að ljúka upp, því þetta var um há kauptíðina; enda var Laurentíus vanur að láta ljúka upp snemma. Nú virðist ekki eiga illa við, að lýsa nokkuð fjelögum Kjartans og samvinnumönnum. Fyrst skal þá frægan telja assistent Loppesen; hann var skómakarason frá Kaupmannahöfn. Hann var búinn að vera hjá Laurentíusi í 5 ár, þegar hjer kemur sögunni; skyldu menn því mega vænta, að meðalgáfumaður væri búinn að læra skammlaust að tala íslenzku, en því var nú öðru nær; hann þóttist líka langt upp úr því vaxinn að leggja þungt á sig með að læra slíkt «dónasprok», er hann svo kallaði. Þessi spjátrungur frá mjóu götunum í Kaupmannahöfn hafði mikla hugmynd um sjálfan sig, og það þótti honum allra verst, þegar hann komst að því, að flestir aðrir höfðu aðra meiningu um hann. Hann þóttist hafa ferðast um öll lönd, og kunna allra þjóða tungumál; en þó kunni hann illa sitt eigið móðurmál.

Digitized by Google

Hann kallaði sig «póleraðan» mann, sem átti að þýða fínan veraldarmann, er hefði fyrrum umgengist grósserа og barúna, þó var hann allra manna ókurteisastur, og hafði í frammi allskonar keskni við saklaust fólk, er kom honum út úr húsi hjá öllu skikkanlegu fólki. Honum þótti mest gaman að því, að segja frá, hvað hann hefði borðað á þeim og þeim stað, þegar hann var í Kaupmannahöfn, og aldrei þóttist hann hafa drukkið nema hin dýrustu vín, jafnvel þótt hann hefði alið allan sinn aldur í Höfn í kjallaranum og á götunni. Hann gjörði spaug og háð að öllu alvarlegu, þóttist hafa lesið heimspekilegar bækur, helzt rómana, gjörði gys að flestum kristilegum fræðum, og sagðist «bruða sig fjandann» um aðrar eins kerlingabækur eins og biflíuna. Það, sem vænir menn almennt álíta kristilegan kærleika og mannúð, kallaði hann heimsku og aulaskap, er ekki ætti við hinn hámenntaða anda nútíðarinnar. Hann þóttist vera vel heima í skáldskap og fögrum vísindum, en hafði aldrei lært eða lesið nema ósiðsamar knæpuvísur frá Kaupmannahöfn. Hjá Laurentiusi var hann í mestu metum, því dönskublendingurinn hljómaði svo vel í eyrum hans, og svo kunni hann það vel að smjaðra fyrir húsbónda sínum, hæla honum fyrir allar hans «bedriftir», og gjöra sem minnst úr öllu verulega íslenzku eður þjóðlegu. Það var því ekki að undra, þótt hann af sumum væri álitinn hágáfaður. Hann þóttist hafa verið á fjarska fínum dansleikum, klæddur, sem hann kallaði «a la Paris» með lakkeruð stígvjel, í hvítum silkisokkum, ekki að nefna lorgnettið[1], sem ávallt dinglaði í gullumgjörð við brjóst hans, svo hann gæti sjeð inn í augun á

1) Einskonar gleraugu.

Digitized by Google

«skjönheitunum». Þegar hann hafði verið á slíkum dansleikum, hafði hann verið vanur að kalla hvern karlmann annaðhvort herra grossera, etatsráð, eða herra riddara af dannibrogi. Við kvennfólkið sagði hann: «náðuga rósrauða fröken, himinblái engill, ljósgula fiðrildið mitt, eða mitt allrasætasta brjóstsykur». Það var því ekki að furða, þótt sumar dömurnar í Reykjavík segðu, að herra assistent Loppesen væri hinn sætasti og elskuverðasti maður.

Nú kemur annar maður til sögunnar, er einnig var í búðinni hjá Laurentíusi; hann var hinum fyrnefnda mjög ólíkur; sá hjet Tryggvi, og var sonur Gunnars bónda á Elliðavatni. Hann hafði snemma í æsku tamið sjer það, að vera kurteis og glaðlegur í viðmóti við alla, hver sem í hlut átti. Hann unni fósturjörðu sinni hugástum, og gramdist það af hjarta, þegar hann heyrði hana smánaða og fyrirlitna, og það einkum, þegar hann heyrði það af munni íslenzkra manna. Hann var jafnan hreinn og beinn, hafði aldrei í frammi neitt smjaður, hvorki við húsbónda sinn nje aðra. Hann varaðist að láta nokkurn tíma heyrast af munni sjer nokkuð það, er ósæmilegt var, um kristilega trú, eins og hann líka hafði sterka trú á guðlegri forsjón — í stuttu máli að segja, hann var það, sem Englendingar kalla gentleman by nature (sæmdarmaður af náttúrunni).

Hinn þriðji, er átti að verða fjelagi Kjartans, var Jón, úngur strákur, almennt kallaður Jón Naggur, því hann var svo lítill; af honum er lítið merkilegt að segja, nema hann áleit assistent Loppesen vera hinn göfugasta mann.

Þegar Kjartan kom inn í búðina, hittir hann

Digitized by Google

Tryggva, sem heilsar honum kurteislega, og biður hann að vera velkominn. Í því kemur Loppesen og heilsar Kjartani með «Godmorgen».

Loppesen: Nú hvernig hafa «dónerne» það fyrir vestan?

Kjartan svarar engu.

Loppesen: Viltu ekki svara sveitarstrákurinn þinn, þegar einn assistent eins og jeg spyr?

Kjartan: Jeg kannast ekki við þessa dóna fyrir vestan, er þjer nefnið.

Loppesen: Það, er nú okkar «sprok» hjer í höfuðstaðnum, við köllum alla «dóner» eða «pöbel» sem ekki annaðhvort eru «belærðir» embættismenn eða af «handelstandinu».

Kjartan: Það getur verið, að þjer kallið það kurteist og rjett, og sýni kristilega mannúð, að tala þannig um fólk.

Loppesen (skellihlæjandi): Kristilega mannúð, hvaða gamalt forlegið snak er slíkt. Heldur þú vjer höfum nokkuð með den slags að bestilla? Heldur þú vjer bruðum oss nokkuð um það, er þið dónerner kallið kristilegt? Nei talaðu við heimspekinginn hann Fillippus eða við prokurator Trallenberg, eða við Antoníus stjörnuspeking, og munu þeir einungis gjöra grín að þjer.

Fyrsti dagur Kjartans í búð Laurentíusar.

Rjett í þessu kom Laurentíus kaupmaður inn í búðina; hann var fremur þurlegur, en býður þó Kjartani góðan daginn; að því búnu segir hann Kjartani, að þegar hann (Laurentíus) sje ekki við, þá skuli hann í einu sem öllu halda sjer til síns trúa þjóns, herra assistents Loppesens, og lofar Kjartan að gjöra það.

Digitized by Google

Margt sveitafólk var í búðinni þennan dag, og höfðu þjónar Laurentíusar fullt í fangi að afgreiða fólkið. Allt í einu kemur Þórður Malakoff inn, og biður kaupmanninn að gefa sjer «dram», verður þá Laurentíus bistur við og segir:

Það væri miklu nær að setja þig í eitt ærlegt erfiði, heldur en vera að ala aðra eins drabanta og þig á brennivíni, auk þess, viltu gjöra svo vel, og lesa auglýsinguna þarna á veggnum! Malakoff gengur að veggnum og les:

Hjer með tilkynnist öllum kaupmönnum, að þeir, samkvæmt tilskipun átján hundruð og grænkál, ekki hafa leyfi til að veita nokkrum af sínum skiptavinum áfenga drykki, heldur ekki mega þeir gefa nokkrum af verzlunarmönnum sínum snaps, nema með því móti, að þeir allra auðmjúkast hafi tilkynnt það fógetanum áður, sem af mannúð sinni þá sker úr, hvort kaupmaðurinn megi gefa af sínu, í einstöku tilfelli.

Þessu eiga allir að hlýða, ella fá þeir sektir og málaferli á hendur.

Reykjavík ... mán. 18..

Oddur Tyrfingsson.

Þegar Malakoff var búinn að lesa þessa auglýsingu, skellihló hann og sagði: ekki skal mig furða, kaupmaður góður, þó þjer ekki viljið gefa mjer snaps, þar fógetinn er búinn að svipta yður eignarrjettinum.

Þegar leið á daginn var ösin hin sama. Allt í einu stekkur Loppesen upp, lítur út um gluggann, og segir: látið þið nú alla dónerna standa til síðu, jeg sje að madama Tjörnesen og fröken Eva Snorresen eru á ferðinni. Fröken Snorresen er komin á danskan bún-

Digitized by Google

ing, og jeg verð að segja, að hann fer töisinni fandans vel. Sjáið hvernig hún spennir út beinin, keyrir brjóstið fram og vaggar a la Paris. Jeg fer og hef hana, sem maður segir, í kíkirnum Hún er dóttir hans sira Snorra Snorrasens ríka í Njarðvík. Þegar madama Tjörnesen og fröken Snorresen koma inn, er hurðinni á búðarborðinu strax lokið upp, og Loppesen með miklu bugti og beygingum óskar sína inndælu frú velkomna ásamt sólunni, sem með henni sje. Madama Tjörnesen var í kjól úr gráu skozku efni, sem margir þekkja, og kallast vincey; framan á brjóstinu hafði hún stóra brjóstnál, var þar í mynd af manni hennar Tjörnesen, sem var fullmektugur á skrifstofunni hjá Krasibras; á höfðinu hafði hún gamlan flöjelshatt með einhverjum grænum kúlum, sem áttu að vera vínber. Fröken Snorrasen var á hárauðum merinoskjól, með stráhatt á höfðinu; var hárið sett upp í hnút, og hjekk hatturinn þar ofan á, hálfa alin frá höfðinu; hún hafði ljósleitt sjal yfir sjer. Þegar þær höfðu heilsað, og voru að skoða sig um í búðinni, gekk Loppesen til hennar, og sagði: má jeg óska yður til lukku, fröken Snorrasen, þjer eruð komnar á danskan búning, sem fer yður eins vel og prinsessu.

Fröken Snorrasen (í því hún brosir og kinkar höfðinu) segir: Jeg kunni ætíð svo illa við mig á þessum peysufötum — mjer er líka illa við allar peysur. —

Loppesen: Þjer eruð stúlka, sem fylgir tímanum, en má jeg segja yður eitt, sem mjer datt í hug, og það er þetta: Getið þjer sagt mjer inndæla fröken, hvers vegna þjer eruð eins og nýorpið hænuegg,

Fröken Snorrasen (brosandi): Það er mjer ómögulegt.

Digitized by Google

Loppesen: Já, það skal jeg segja yður. Sjáið þjer nokkuð, sem er hvítara en hvítan í hænuegginu, eða rauðara en rauðuna; þegar jeg lít á yðar inndæla háls og enni, er það eins hvítt og hvítan, og hinar rauðu rósir í kinnum yðar eru eins rauðar og rauðan í egginu; allt svo eruð þjer eins og nýorpið hænuegg.

Fröken Snorrasen (hlessa): Hvað þjer getið verið gáfaður og findinn, herra Loppesen, og svo kunnið þjer að segja svo falleg kompliment.

Loppesen: Hvað er nú, sem mínum rósrauða engli þóknast?

Fröken Snorrasen: Mætti jeg vera svo frí, og biðja um eitt brjef af títuprjónum, og svo pruvu af öllum sirzum og klæðum í búðinni.

Loppesen: Sjálfsagt eins og þjer befalið.

Mad. Tjörnesen: Nú fröken mín, hvernig lízt yður á herra Loppesen, er hann ekki, sem maður segir, elskuverður kavallier?

Fröken Snorrasen: Hann er makalaust gáfaður og behagelegur maður; jeg er stolt af því, að hafa stiftað hans bekjendtskab.

Mad. Tjörnesen: Sagði jeg ekki, þegar þjer kæmuð á rauða kjólinn, þá þyrftuð þjer ei annað en líta við, til þess kavallerarnir yrðu dauðforlíbtir. Svo eruð þjer svo nett, og lipur, elsku töisin mín. Jeg skal sjá um, að yður verði boðið, þegar jeg held næst chocolade gildi í anledning af því, að minn stakkels maður hefur fengið um síðir anerkjendelse, og er orðinn dannebrogsmaður.

Á meðan Loppesen var að afgreiða fröken Snorrasen, kom Laurentius kaupmaður inn, og sneri sjer strax til mad. Tjörnesen, mældi henni hálfa alin af fóð-

Digitized by Google

urljerepti, því annað beiddi hún ekki um í þetta sinn. Verzlunarfólkið, sem var í búðinni, mátti standa og bíða, og þótti því það leiðinlegt. Loksins kallar Guðmundur á Búrfelli upp, og spyr Laurentius, hvort hann verði ei afgreiddur, því hann þurfi að komast á stað. Svaraði Laurentius honum á þá leið, að það væri siður um allan hinn menntaða heim, að dónarnir yrðu að bíða, á meðan fína fólkið væri afgreitt.

Guðmundur á Búrfelli: Jeg get ekki skilið í því, að nokkur sannsýni sje í því, að svo margt verzlunarfólk þurfi að bíða, þó tvær madömur eður frúr komi, og kaupi hálfa alin af ljerepti, og eitt brjef af títuprjónum. Má það mikið vera, ef kaupmenn í öðrum löndum sýna ekki fólki meira jafnrjetti, þar sem allir koma í líkum erindum, að fá þarfir sínar.

Laurentius: Þú þarft ekki að vera að bregða fyrir þig, Guðmundur minn, socialista setningum. — Þessi svo kölluðu jafnrjettindi eru humbug og vitleysa. Þessar skoðanir eru því miður farnar að ryðja sjer til rúms hjer á landi, og getur það verið hættulegt, því með því verða dónarnir ofan á, ráða öllu og regera, og meira að segja, þá forsturrast allir atorkumenn í sinni ærlegu næringu. Nei, sjálfur pokkurinn hafi öll jafnrjettindi, allan socialismus, því honum er ætíð samfara vandalismus, scandalismus, terrorismus og allra handa ismus; en meðal annara orða, hvað ætlið þjer að fá?

Guðmundur á Búrfelli: Á jeg mikið til góða?

Laurentius: 100 krónur.

Guðmundur á Búrfelli: Þá vil jeg fá 20 pund af kaffi, 20 pund af sykur og 20 krónur í peningum, því jeg þarf að gjalda bæði presti og sýslumanni.

Digitized by Google

Laurentius: Nei, þjer fáið ekki nema 10 pund af kaffi, 5 pund af sykri, en peninga hef jeg enga.

Guðmundur á Búrfelli: Þetta nægir mjer ekki, og þykir mjer það undarlegt, ef jeg fæ ekki nauðþurft mína, þar sem jeg á inni fyrir því, og það meir en nóg.

Laurentius: Þjer vitið Guðmundur, að það dugar ekki að deila við dómarann, og þess utan hef jeg ekki tíma að slóra hjer. Ef þjer ætlið að fara að sýna nokkurn ójöfnuð, læt jeg kalla á bæði pólitíin, hann Björn og hann Bang, og draga yður fyrir fógetann.

Guðmundur á Búrfelli: Ekki hræðist jeg fógetann, því jeg ímynda mjer hann sje til þess settur, að halda uppi rjetti manna, en ekki til að halla honum. Þykist jeg nú hafa svo góðan málstað, sem unnt er, og kvíði því engu.

Laurentius: Jeg ætla nú einungis að biðja yður að hafa ekki hátt, því til þess enn frekar að geta sýnt yður, hvað jeg get gjört, þá vil jeg biðja yður að lesa þá nýju auglýsingu, sem nýkomin er frá fógetanum. Hún er samhljóða því reglimenti, er fógetar í Danmörku hafa. Hún er fest hjer upp í búðina handa ykkur «dónunum» að lesa.

Guðmundur á Búrfelli gengur að veggnum og les, og hljóðar auglýsingin þannig:

Með því það er augljóst, að ýmsar polítiskar hreifingar eru farnar að koma hjer manna á meðal, einkum á meðal bænda og hinna lægri stjetta, þá befala jeg öllum og sjerhverjum, að halda sjer frá öllu þesskonar, og ekki upp á nokkurn hátt leitast við að trufla hinn

Digitized by Google

almenna frið. Hjer í er innifalið, að menn ekki mega taka þátt í almennum kosningum, hvorki til þess að velja alþingismenn eða bæjarstjóra, nema eptir þeim reglum, er jeg sem fógeti álít hentugar, og skulu allar auglýsingar, sem eru þess efnis verða rifnar niður af vorum trúu þjónum, pólitíunum Birni og Bang. Þess vegna aðvarast allir og sjerhverjir, að þeir ekki mega festa upp auglýsingar eða «plaköt» á götuhornum, hvorki á náttarþeli við sterinljós, tólgarljós, steinolíuljós eða grútarlampa, heldur ekki við dagsbirtu eða tunglsljós. Enn fremur til frekari tryggingar, að friður og eining haldist, þá hef jeg fullmaktað vora trúu þjóna, pólitíin Björn og Bang, að þeir megi færa hvern þann mann upp á fógetakontór, er hésti of hátt á götunni, og ef of mikil brögð skyldu verða að þessu, mega þeir búast við að verða ákærðir, fyrst fyrir mjer, sem bæjarfógeta, síðan verður klögunin send amtmanni, þar næst landshöfðingja, og seinast til ráðgjafans í Höfn, og getur hver sjeð, að slíkt getur haft óþægilegar afleiðingar fyrir hlutaðeigendur.

Skrifstofu bæjarfógeta í Rvík. Júlí 18 . .

O. T.

Þegar Guðmundur á Búrfelli var búinn að lesa þessa veglegu auglýsingu, hristi hann höfuðið og mælti: það verð jeg að segja yður Laurentius kaupmaður, að nú lifum vjer á þeim tímum, er slík vitleysa ekki getur átt sjer stað. Opt og einatt hefur verið talað um það, að vjer bændurnir hefðum hingað til verið næsta hirðulausir um, að hugsa um vor eigin mál, og einmitt nú, þegar lítill vottur er til þess, að vjer munum fara að sækja kjörfundi með meira fjöri og áhuga en áður, leyfir sjálfur lögreglustjórinn í höfuðstaðnum sjer þá

Digitized by Google

ósvinnu, að ógna oss með pólitívaldi, þar hann vill banna oss, að halda frjálsa fundi, eða auglýsa á prenti, þá menn, er kjósendur vilja kjósa. Þetta er nú að sýnu leyti eins frjálslegt, eins og þegar þjer nú neitið mjer um það, sem jeg þarf með, þrátt fyrir það, þó jeg eigi miklu meira inni hjá yður í verzluninni. Ef þjer haldið, að slíkt geti gengið, samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá, þá væri bezt fyrir oss bændurna að fá henni breytt sem skjótast, svo hún svari þörfum tímans, og líkist frjálsum stjórnarskrám annara landa. Til hvers er að veita mönnum kosningarrjett, og svo í sömu andránni setja þær tálmanir í veginn, að ómögulegt er að nota þann rjett.

Þessu átti Laurentíus bágt með að svara, og datt svo þessi samræða niður í þetta skipti.

Þegar Kjartan kom heim um kveldið til madömu Sörensen, hugsaði hann margt um það, sem hann hafði heyrt og sjeð í búðinni um daginn, en gat varla áttað sig, því hugur hans hvarlaði optar heim til foreldra hans, og sú hugsun var mest í huga hans, þá hann sofnaði um kveldið. —

Gestirnir hjá gestgjafa Ferguson.

Eins og mörgum ungum mönnum er eðlilegt, langaði Kjartan til að sjá allt hið nýstárlega í höfuðstaðnum. Það var því eitt kveld, að hann gekk fram hjá veitingahúsi Fergusonar. Gekk hann þar inn; var þá kl. 8. Veitingastofu Fergusonar var skipt í tvö herbergi; hið nyrðra sneri að strandgötunni, og var þaðan fögur útsjón yfir höfnina. Á milli nyrðri stofunnar og hinnar syðri var hurð, sem ýmist var lokuð eða opin, eptir því, sem gestirnir óskuðu. Enginn var kom-

Digitized by Google

inn af kveldgestunum til Fergusonar, þegar Kjartan kom þar. Hann var naumast setztur niður, þegar Ferguson kom sjálfur inn, og spyr, hvers hann vilji neyta, og var ekki laust við, að Kjartan væri feiminn í fyrsta sinni. Ferguson var maður hniginn á hinn efri aldur, en glaður og þægilegur í viðmóti. Þegar hann sjer, að Kjartan eins og hikar sjer, segir hann: Jeg sje, að þjer eruð hjer framandi, ungi maður, í það minnsta hef jeg ekki sjeð yður hjer fyrri. Kjartan sagði svo vera, og gat um, að hann væri nýkominn vestan úr Breiðafirði, og væri í búðinni hjá Laurentiusi kaupmanni Svendsen. Hjá Laurentiusi kunningja mínum, sagði Ferguson. Hann er vænsti maður. Hann kemur opt til mín með kunningjum sínum, og svo er hann meðlimur í handelsforeningunni (kaupmannasamkundunni). Hver er þessi handelsforening, spyr Kjartan? Veiztu ekki hvað handelsforeningin er? Í stuttu máli að segja, er hún hið merkasta kaupmannafjelag á Norðurlöndum. Þar er töluð hin svo kallaða evropeiska, blendingur af ýmsum tungumálum. En jeg vona, að þjer fáið að þekkja þetta allt betur seinna. Eptir þetta samtal bauð Ferguson Kjartani að setja sig niður, og segja sjer, hvers hann æskti. Bað þá Kjartan um eitt glas af rauðvíni, því hann ætlaði að gæta þess, að biðja ekki um neitt áfengt. Nú fór Ferguson út, en að vörmu spori kom ung stúlka með rauðvínsglas á bakka — þessi stúlka var almennt kölluð Stína. Hún gekk á tánum, hristi skúfinn á húfunni sinni, og brosti yndislega, í því hún gekk til Kjartans. «God Aften» minn herra, segir hún, í því hún rjettir honum glasið. Jeg sje þjer eruð framandi í höfuðstaðnum. Hvernig lízt yður á borgina, og ekki

Digitized by Google

sízt stúlkurnar? Kjartan var fremur fálátur, og þótti Stínu hann þurlegur í því hún hoppaði út. Rjett í þessu kemur einn gestur inn; hann var mjög snotur, og glaðlegur í framgöngu; hann gengur inn eptir gólfinu, lítur inn í nyrðri stofuna, eins og hann ætti von á einhverjum þar, síðan snýr hann sjer við, og raular fyrir munni sjer: «Livet er altid skjönt». Síðan heilsar hann Kjartani mjög kompánlega og segir: Með leyfi að spyrja, hvað heitið þjer? Kjartan sagði til nafns síns. Síðan sezt gesturinn þar í sófa hjá borðinu, hringir dálítilli klukku. Er þá Stína ekki lengi á sjer, og kemur inn hoppandi og segir: «God Aften» herra Trallenberg. Hvað þóknast yður? Láttu mig fá hálfan bjór og vindil að byrja með. Stína fór út, og kom með hið umbeðna að vörmu spori.

Áður enn nokkuð varð úr samtali á milli þeirra Kjartans og Trallenbergs, kom nýr gestur inn. Hann var hár maður vexti og fölur í andliti. Hann gekk hægt að borðinu, heilsar kunnuglega Trallenberg, sem stendur upp, um leið og hann heilsar herra Filippusi heimspeking. Naumast var Filippus setztur fyr en þriðji gestur kemur inn. Hann var meðalmaður á hæð, þreklega vaxinn með jarpt hár. Hann er mjög súr á svipinn, og eins og hann væri ergilegur í skapi. Hann heilsar þeim Filippusi og Trallenberg, en víkur sjer helzt að Filippusi í því hann segir: Þetta er ljóta landið, þó það sje mitt föðurland, ekki nema jöklar, snjór og ís núna um hásumar (hefur Ferguson gott cognac?); ekki veit jeg hvaða fólk getur lifað ánægt í þessari óbyggð; lífið verður hjer að tómri byrði, alls engar skemmtanir, ekki svo mikið sem ein ærleg dansknæpa; nei, það er alveg ófært að vera hjer. (Jeg vildi óska,

Digitized by Google

að cognacið hjerna væri eins margar gráður og kuldinn á veturna). Jeg vildi óska jeg væri horfinn til hinnar glæsilegu Hafnar. Þannig mælti Antoníus stjörnuspekingur. Enginn veit æfina sína fyr en öll er, mælti Filippus heimspekingur, þú sem ert stjörnuspekingu, ættir jafnan að vera ánægður, þótt eitt skáldið hafi sagt: að lífið væri blóðrás og logandi und, sem læknast ekki fyr en á aldurtilastund. Heimspeki mín hefur kennt mjer það, að taka jafnt sorg og gleði, því í rauninni álít jeg allt lífið mesta humbug og vitleysu. Darwin heimspekingur sannar, að mennirnir sjeu allir komnir af öpum; mjer stendur líka á sama, hvort jeg verð að engli eða apa, því allt þetta, sem sumir eru að glamra um trú, von og kærleika, eða forsjón, sem viðhaldi lífinu og heiminum, þá getur einn heimspekingur nú á dögum ekki tekið neitt mark á þeim kerlingasögum, sem löngu eru komnar úr móð. Það er jeg viss um, að það eru ekki nema tómir aular og græningjar, sem trúa nokkru þess konar. Við skulum heldur drekka skálina hans gamla vinar okkar Mammons — það er karl, sem hugsar um sjálfan sig; — hann veit hvað orðið «jeg» þýðir, og það vita líka allir heimspekingar. Þeir hringja saman glösunum Filippus, Antoníus og Trallenberg. Rjett í þessu koma inn þrír menn, Laurentius kaupmaður (töluvert kenndur), assistent Loppesen og Ámundi aumingi. Þessi Ámundi aumingi hafði lengi verið utanbúðarmaður hjá Dannemann. Laurentius gengur hratt inn, kastar hattinum sínum á litla borðið, gengur upp og niður eptir gólfinu, og hrópar upp: socialismus, scandalismus, terrorismus og alleslags ismus. Á jeg að segja ykkur nokkuð, góðu herrar? Núna rjett í þessu mætti jeg vor-

Digitized by Google

um trúa þjónum, pólitíunum Birni og Bang. Þeir voru að leita að einhverjum tómthúsmanni, sem hafði hóstað svo hátt á götunni, að það heyrðist inn í fleiri hús; svo hafði hann haldið þessu áfram, þrátt fyrir auglýsingu fógetans, sem búið er að festa upp í búðirnar. Jeg sje ekki annað en hjer verði upphlaup og revolution. Annað dæmi upp á ósvífni «pöbelsins» var það, að Guðmundur bóndi á Búrfelli kom til mín í búðina um daginn — hann átti reyndar inni í verzluninni 100 kr. — hvað um það; hann biður um kaffi og sykur eptir þörfum sínum, og bætir því við, að hann vilji fá 30 kr. í peningum. Kerling ofan úr Skuggahverfi kom líka í gær, og lagði inn hjá mjer 10 pund af ull, þegar hún var nærri búin að taka út á hana alla, biður hún mig að láta sig fá 25 aura í peningum, til þess að kaupa meðul í apothekinu handa barninu sínu — þarna hafið þið nú dæmin, hvað þessir «dónar» eru óforskammaðir.

Ámundi aumingi: Ósköp er að heyra, hvernig farið er með kaupmennina, okkar mestu velgjörðamenn. Jeg heyrði til dæmis fallega sögu í dag, eptir hinum nafnkennda grössera, sem einu sinni var fyrir vestan. Einu sinni þegar fiskileysi var í Ólafsvík, og fólk átti þar mjög bágt, sendi hann þessum aumingjum 23 tunnur af ormakorni, sem var út býtt á meðal þeirra með því skilyrði, að þeir borguðu það aptur á fimm árum; fleiri slíkar sögur um örlyndi og veglyndi kaupmanna mætti telja upp.

Í þessu stendur stjörnuspekingurinn Antonius upp og mælti: Má jeg biðja þá heiðruðu herra að drekka kaupmannanna skál? — Þetta gjörðu allir með mestu virktum, nema Kjartan, sem sat út við gluggann. —

Digitized by Google

Þar næst stendur Laurentius upp og mælti: Sem einn meðlimur af handelsforeningunni, og einn af kaupmönnum þessa bæjar vil jeg leyfa mjer að þakka fyrir skálina. Þó jeg sje borinn og barnfæddur á þessu landi, þá hef jeg sjeð svo mikið af menntun, og fengið svo umfangsmikið blik yfir framfarir heimsins, að jeg sje, að það dugar ekki að vera við eina fjölina felldur, heldur verður maður að haga sjer eptir forholdunum, og umfram allt elska fyrst sjálfan sig duglega, áður en maður fer að elska sinn nabo; með því að fylgja þessu allsherjar «prinsipi», verður maður ríkur, fær völd, og getur ráðið yfir «proletörunum», sem ávallt eru að þrefa um þessi hin svo kölluðu mannrjettindi. Hver dannaður handelsmaður getur gjört svo lítið úr sjálfum sjer, að álíta t. d., að hann Ámundi aumingi, sem hjerna er, sje fæddur með sömu mannrjettindum eins og vjer. — Nei, den gaar ikke Grönberg, segir danskurinn. Allir hringja saman glösunum og syngja síðan: bravó, bravó, bravissimo! —

Assistent Loppesen stendur upp og segir: Þegar jeg var í þeim muntra stað Kjöbenhavn, heyrði jeg einn pastor prjedika út af því, að það væri bókstafen, sem lífgaði, en andinn, sem deyddi. Kom mjer þá strax í huga, hversu andríkur og gáfulegur slíkur texti væri, því eptir gamla orðsprokinu minnir mig, að það sje omvendt. Þið vitið líka góðu herrar, að nú er farið að brydda á því, helzt hjá «almuen og donerne», að mannkynið sje ávallt að berjast fyrir hinum svo kölluðu almennu mannrjettindum, og sumir af þessum aulum uppástanda, að það sje trúin, vonin og kjærleigheiturinn, sem viðhaldi því góða og skjönna í heiminum. Þetta er, eins og ykkur er bekjendt gömul og

Digitized by Google

fordönkuð setning. Ef jeg sný máli mínu til vinar okkar philosophsins (heimspekingsins) hans Filippusar, þá mun hann fljótt geta behandlað svo trúna, að það sje okkur skiljanlegt, því hann sagði við okkur einusinni, að hann tryði engu, nema því, sem hann gæti þreifað á, og af þeirri orsök gæti hann ei annað sjeð, en að trúin á þessa svo kölluðu alvísu forsjón, væri ei nema heilaspuni uppfundinn á tímum villunnar. Vonin eða haabet væri einungis skáldlegur tilbúningur, og allir vita það, að öll póet (skáld) eru full af grillum og ímyndunum. Svo kemur seinast kærleikurinn, sem svo margir af þessum loptkastalamönnum tala mest um, að viðhaldi því góða og skjönna (fagra) í verden (heiminum). Þeir ganga svo vítt, að menn eigi að elska allar menneskur, og vera jafnvel góðir við dýrin — hvar lendir slíkt — á jeg t. d. að elska þarna hann Ámunda aumingja eins og sjálfan mig, — á jeg að samlaga mig pöblinum, taka þátt í hans sorg og gleði og vera hjálplegur við alla; ef jeg gjörði slíkt, mundi jeg gjöra of lítið úr minni familíu ættgöfgi, og mundi brátt verða fyrirlitinn af hinum megtugu í heiminum. Vjer, sem höfum ansvar (ábyrgð) gagnvart dónunum, sem eru í kringum oss, að vjer ei leiðum þá afvega, vjer skulum gjöra allt í okkar magt til að drepa niður slíkar fárlegar hugmyndir, og einmitt nú, þar sem vjer erum hjer saman komnir inter pokulá. Vjer skulum drekka útfararmynni þessara þriggja grýla pöbelsins: trúarinnar, vonarinnar og kærleikans.

Antonius stjörnuspekingur: Burt með trúna, vonina og kærleikann (þeir drekka allir nema Kjartan), húrra! húrra! húrra!

Trallenberg: Fryd dig ved Livet.

Digitized by Google

Antonius stjörnuspekingur: Það er dágott cognacið hjá honum Ferguson.

Filippus heimspekingur: Falleg eru principin.

Laurentius kaupm.: Þetta kalla jeg að drekka með anstand.

Ámundi aumingi: Þetta er hið skemmtilegasta og fróðlegasta kveld, sem jeg hef lifað.

Í þessu kemur hár maður inn. Hann var fríður sínum, og miðaldra. Rómurinn var karlmannlegur og djarfur, augun snör og öll hans ásýnd tignarleg. Þessi maður var Gunnar bóndi á Elliðavatni. Í því hann kemur inn, mælir hann þessi orð skáldsins:

Veit þá engi að eyjan hvíta
á sjer enn vor, ef fólkið þorir
guði að treysta, hlekki hrista,
hlýða rjettu, góðs að bíða.

Þegar Gunnar bóndi var búinn að kasta kveðju á gestina, sem voru í kringum borðið, sneri hann sjer til Kjartans og heilsaði honum. Þegar hann heyrði nafn hans, vissi hann að hann mundi vera vinur Tryggva sonar síns; settist hann niður við hlið hans. Þar næst sagði Gunnar: Það gleður mig að vera kominn í slíkan fjelagsskap, því hjer er heimspekin, stjörnuspekin og verzlunarspekin allar á einum bekk.

Laurentius kaupm.: Hann er að segja okkur kompliment — hvað er annars að frjetta.

Gunnar bóndi á Elliðavatni: Pósturinn er kominn að norðan, og frjettist allt gott með honum. Norðlendingar hafa nýlega haldið kjörfundi sína, og voru þeir sóttir með mesta fjöri og áhuga. Bændur komu líka sínum mönnum að, og er mjer skrifað, að þeir hafi valið hina efnilegustu þingmenn.

Digitized by Google

Laurentíus: Hann er þá farinn að breiðast þar út, bannsettur socialismusinn.

Gunnar á Elliðavatni: Jeg hef enn þá gleðilegar frjettir að segja. Gránufjelagið, hið mikla innlenda verzlunarfjelag, er nýlega búið að kaupa stórt gufuskip frá Englandi, og eru þeir búnir að stofna nýtt fjelag með ríkum kaupmanni í Skotlandi er heitir «Hið íslenzka-brezka gufuskipafjelag»; svo það lítur fremur vel út, að landar vorir þar nyrðra fari að drífa sig í verzlunarefnum; væri betur vjer Sunnlendingar gætum fetað í þeirra fótspor.

Laurentíus: Þetta kalla jeg slæmar frjettir, því Íslendingar hafa svo opt sýnt það, að þeir kunna ekki neitt til verzlunar.

Filippus heimspekingur: Góður er andinn.

Gunnar bóndi: Með leyfi að spyrja, hversu langt er síðan vjer Íslendingar fengum verzlunarfrelsi? Um 30 ár; er það ekki stutt tímabil í verzlunarsögu eins lands? þó sumum af hinum innlendu verzlunarfjelögum hafi farizt miður en skyldi, þá er það engin sönnun fyrir því, að vjer Íslendingar sjeum miður hæfir til að læra til verzlunar, en aðrir. Þegar sá tími kemur, er vjer stofnum sjálfir innlendan verzlunarskóla, sem ætti að verða eptir ensku sniði, þá fyrst getum vjer búizt við, að komast í samband við hina mestu verzlunarþjóð í heimi, sem eru nábúar vorir Bretar. Þá fyrst mun hverfa þessi leiðinlegi og ódrengilegi andi, er enn þá dregur alla þjóðlega sómatilfinningu og heiður úr verzlunarstjett vorri; þá fyrst mun hverjum búðardreng þykja sómi að sinni fósturjörðu, og hverjum kaupmanni það skylda sín, að efla velmegun skiptavina sinna jafnt og sína.

Digitized by Google

Í sambandi við þessi fáu orð, sem sjerstaklega snerta Ísland, leyfi jeg mjer að biðja þá heiðruðu herra, að drekka Íslands skál. Á meðan skálameistarinn er að hella á glösin, minnist jeg hinna fögru orða skáldsins, þar sem Ísafold kemur fram á leiksviðið:

Sjáið minn fald — það er fjallanna tindar,
og feldurinn — hæðir og dalir og rindar,
og höfuðgullið — er himinsins sól,
sem hríslast í kring um minn segulstól;
og beltið — er fossandi fljót og gil,
með frelsis-ljómandi kristalls-spil.

Þegar búið var að drekka þessa skál, fóru allir gestirnir heim til sín.

Vinir Kjartans.

Vjer höfum hjer að framan lýst fjelögum Kjartans í búð Laurentíusar kaupmanns, og gat varla brugðizt, að þeir Tryggvi og hann yrðu brátt beztu vinir. Þó þeir væru í sumu nokkuð ólíkir, þá var grundvöllurinn hjá þeim hinn sami; báðir áttu þeir beztu foreldra, og snemma í æsku voru þeir vandir á, að bera virðingu fyrir öllu góðu og fögru. Þeim hafði verið innrætt það, frá því þeir voru börn, að elska sína fósturjörð, og að láta það verða sitt mark og mið í lífinu, að verða henni til gagns og sóma. Það má því nærri geta, að eptir því, sem vjer höfum lýst skoðunum húsbónda þeirra og verzlunaraðferð, þá var það miður góður skóli, er þeir voru komnir í; því eins og sjá má, drottnaði þar heimska samblönduð hroka og óskammfeilni. Tryggva varð það til gæfu, að þegar hann var búinn að vera í búð Laurentiusar, þá kom faðir hans honum fyrir hjá skozkum kaupmanni, og var hann hjá honum í þrjú ár á skrifstofu hans,

Digitized by Google

hvar hann fjekk praktiska þekkingu á verzlunarað-ferð Englendinga, sem seinna meir kom honum að góðu haldi. Það var mikill missir fyrir Kjartan, að vinur hans fór svo fljótt í burtu; þó voru þeir búnir að vera saman nokkurn tíma, áður Tryggvi fór utan. Á meðan Tryggvi dvaldi í Reykjavík, bjó hann hjá mjög vænu fólki; var það hjá landlækninum Eggerti Ólafssyni. Eggert var spakur maður að viti, og fjáður vel. Kona hans hjet Áslaug og var ættuð norðan úr Skagafirði. Þau Eggert og Áslaug áttu tvær dætur; hjet hin eldri Guðrún, en Sigríður hin yngri. Voru þær systur að flestum kostum búnar, — báðar voru þær fríðar sínum, og kurteisar í framgöngu, þó var Guðrún almennt talin gáfaðri. Það grunaði Kjartan strax, að þeim væri vel til vina Tryggva og henni. Áður en Tryggvi fór, sagði hann vini sínum, að þau væru heimuglega trúlofuð. Þeir, sem hafa verið í hinum stærri borgum, vita vel, hversu gott og hollt það er fyrir unga og einhleypa menn, að geta komið opt á frítímum sínum í siðsamt og gott hús, — því nógar eru freistingarnar í hinum stóru borgum til þess að glepja fyrir hinum unga og fjöruga æskumanni, og tæla hann frá hinu alvarlega takmarki lífsins. Þó vjer ekki getum talið Reykjavík á meðal hinna stóru borga, þá er þó margt það í henni, er getur skemmt hinn unga æskumann, og víst mætti finna marga gáfaða og efnilega menn, sem betur hefði verið, að þeir hefðu þar aldrei komið. Englendingar telja iðjuleysið rót alls ills, og víst er það, að allt of mikið má sjá af því í höfuðstað landsins, bæði á meðal æðri sem lægri. Þegar Kjartan kom í þetta velsiðaða hús, voru þær systur Guðrún og Sigríður jafnan við sitt verk; þær

Digitized by Google

voru með þeim fremstu í Reykjavík að halda fram hinum fagra þjóðbúningi kvenna, og Guðrún kenndi mörgum ungum stúlkum, ofan úr sveit, að búa til slíkan búning, bæði hvað baldíring og skattering snerti. Áslaug móðir þeirra var prúð og stilt kona, er ljet sjer vera mest umhugað um heimili sitt, að halda hverju einu í þeirri reglu, sem hvert gott heimili á að hafa. Hún fór mjög sjaldan í önnur hús; þó var varla hægt, að koma í gestrisnara hús í Reykjavík, því allir voru velkomnir, sem nokkurn kunningsskap höfðu við fólkið. Það er ekki minnstur vandi að taka vel á móti gestum, — það er að segja, að gjöra það á þann hátt, að gestirnir finni sig fullkomlega frjálsa og óþvingaða, — þar til þarf allt annað en tómar «ceremoniur» — þar til þarf þetta þýðlega viðmót, þetta fas, sem er svo blátt áfram, þessa gestrisni, sem er svo látæðislaus. Í slíkum húsum, þar sem svona er heimilisbragurinn, þar hefur hver maður siðferðislega gott af að vera gestur. Það var því ekki að undra, þó Kjartan hefði bæði gaman og gagn af því, að koma í þetta hús.

Guðrún vissi, að hann og unnusti hennar voru vinir, og af þeim ástæðum hafði hann optar samræðu við hana en systur hennar. Guðrún var ein af þeim ungu stúlkum, er hafði þá sjerstaklegu gáfu, að hún gat jafnan byrjað á þeirri viðræðu, er átti bezt við skap Kjartans, í þann og þann svipinn. Ef Kjartan var venju framar glaður, var hún viss með, að tala um eitthvað það, er gat við haldið þeirri gleði; og á hinn bóginn, ef henni fannst, að hann væri fremur daufari, en hann átti að sjer, hagaði hún svo máli sínu, að hann fjekk eins og huggun og hugsvölun af hverju hennar orði. Hún talaði jafnan í þá átt, er örvaði

Digitized by Google

allar góðar tilfinningar, og hvatti Kjartan til þess, að hafa jafnan eitthvert stórt og fagurt augnamið í lífinu. Umfram allt benti hún honum á hinn mikla sannleika, að þó eitthvað mótdrægt kæmi fyrir í lífinu, þá væri það ekki nema eðlilegt, og þá riði einmitt sem mest á því, að menn ekki ljetu hugfallast eða legðu árar í bát. Stundum þegar hún vildi sanna málstað sinn, var hún vön að koma með eitthvert fagurt vers eða kvæði eptir skáld vor, og voru þau jafnan svo vel valin, að það sýndi hennar ágæta smekk og næmu kvennlegu tilfinningar. Það er hollt fyrir sjerhvern ungan mann, að geta átt slíkan kvennkost, sem Guðrún var, fyrir vin. Þó Kjartan kæmi svo opt, sem hann átti hægt með í hús Eggerts, þá vildi hann samt ekki misbjóða gestrisni þeirri og velvild, er hann þar mætti, með því, að koma þar of opt, og því voru mörg kveldin, sem hann annaðhvort varð að vera einn heima í herbergi sínu, eða þá annarstaðar. Varð því sú niðurstaðan, að hann fór optar að koma á veitingahús Fergusonar en honum var hollt, því þó hann ekki drykki þar, sem menn almennt kalla, sjer til skaða, þá mátti samt telja þeim tíma illa varið, er hann dvaldi þar.

Madm. Björg snikkarakonan.

Maður er nefndur Árni, og var Björnsson; hann var snikkari góður, og hafði jafnan beztu atvinnu. Kona hans hjet Björg, og var ættuð af Álptanesi. Árni var, sem menn kalla, meinhægðarmaður, fremur fálátur og afskiptalítill, nema hugsaði mest um smíðar sínar. Björg var ein af þeim konum, er hefði víst naumast getað gjört nokkurn mann gæfusaman. Hún var sínöldrandi yfir því, sem hún kallaði mótlæti þessa heims;

Digitized by Google

þó gekk í rauninni ekkert að henni, því ef hún hefði verið vitur og skynsöm kona, hefði hún getað verið mjög ánægð; maður hennar var góður við hana og alúðlegur, og ekki skorti hana það, sem hún þurfti til hússins, því maður hennar vann baki brotnu, og hafði jafnan góð laun. Björg undi aldrei heima, en var á sífeldu rápi, einn daginn hjá madömu Sörensen, annan daginn hjá henni Ásu í Hákoti, þriðja daginn hjá henni Guðnýju gullsmiðskonu, fjórða daginn hjá skómakaramadömunni, og svona gekk þetta koll af kolli. Ef svo vildi til, að hún var einn dag heima, þá var einhver af vinkonum hennar viss með að koma til hennar. Hjá henni voru tvær vinnukonur, sem hún kallaði píur; var önnur þeirra í eldhúsinu sú, er Margrjet hjet, en Vilborg var inni að gæta að krakkanórunum. Allur húsbragurinn var hvað eptir öðru. Einn morgun, þegar madama Björg reis úr rekkju kl. rúmlega 9, lítur hún út um gluggann, og sjer að er húðarrigning. Hvað þetta er leiðinlegt, hrópar hún upp, um leið og hún geispar mjög leiðinlega. Þetta er hvað eptir öðru í þessari óskemmtilegu tilveru. Jeg þurfti einmitt að finna hana madömu Tjörnesen í formiddag, og gratúlera henni með honum assistent Loppesen, sem sagt er að sje nýtrúlofaður henni fröken Snorrasen. Eptir hádegi ætlaði jeg að koma til hennar Önnu í skólanum, og vita hvort það væri satt, að pían hennar væri forlófuð með stráknum honum Arinbirni í apothekinu. Skárri eru það forlófanirnar. Það á betra fólkið að tarna en jeg; það lifir á «sukkelaðe» og kökum upp á hvern dag, og snakkar um alla hluti. Jeg ein verð að þola tómt mótlæti; það er það versta, að maðurinn minn hefur ekkert stolt í sjer, annars væri hann, ef

Digitized by Google

til vill, orðinn dannebrogsmaður; ef hann yrði það, skyldi jeg í það minnsta skipa píunum mínum að kalla mig frú. Hana nú, þarna eru krakkanórunnar organdi; skárra er það lífið. Jeg veit heldur ekki til hvers mjer er lagt á herðar, að eiga þessa krakka, sem ávallt gjöra mjer lífið svo óbehagiligt. Ef jeg hefði átt að skapa kjör mannanna, þá skyldu mín í það minnsta hafa orðið öðruvísi. Vilborg farðu að klæða krakkanórurnar; hvað ertu að gjöra, ertu sofnuð út af þarna á leguhekknum? Þegar madama Björg er búin að klæða sig, lýkur hún upp hurðinni að svefnherginu, lítur út í eldhúsið, og sjer þar standa aldraða konu. Hún skellir hurðinni í lás og hrópar upp: Skárri eru það ósköpin; þarna er kerlingin hún móðir mín komin sunnan af Álptanesi, líklegast til að sníkja, eins og vant er. Hún kemur heldur ekki svo sjaldan; einu sinni á hverju ári; hún veit þó, að jeg get ekki verið þekkt fyrir, að láta sjá mig á götunni með henni — nána um hásumarið — jeg snikkaramadaman, sem get orðið frú þá og þegar, ef maðurinn minn vinnur í lotteríinu.

Manga kemur inn geispandi: Jog ætla að segja yður, húsmóðir mín, að nú er hún Anna í skólanum komin, og það vantar bæði kaffi, sykur, kaffirót, brauð og mjólk. — Hvað er þetta, hafið þið stelpurnar jetið og drukkið allt upp; það er skárra, að vera að gjalda ykkur kaup. Farðu til hennar madömu Sörensen, og lánaðu hjá henni kaffi í bolla. Farðu síðan til madömu Tjörnesen, og lánaðu hjá henni hálfpund af kaffirót; skilaðu við hana um leið, að jeg komi eptir hádegi að gratúlera. Lánaðu sykrið og mjólkina í doktórshúsinu, og brauð hjá henni Ásu í Hákoti. Vertu nú fljót. Segðu kerlingunni henni móður minni, um leið

Digitized by Google

og þú gengur út, að hún geti beðið í eldhúsinu, þangað til madaman sje búin að klæða sig. Láttu svo hana Önnu í skólanum koma inn.

Anna í skólanum gengur inn, og heilsar madömu Björg með tveimur rembingskossum.

Madama Björg: Ekki nema það, að pían þín skuli vera forlófuð strák-óláninu honum Arinbirni í apothekinu. Það má segja, allar vilja þær giptast. Ef jeg væri ógipt núna, skyldi jeg svei mjer hafa augun betur opin. Hefur þessi Arinbjörn nokkra tilsigt til að geta forsorgað konu, já, konu og börn ætti jeg að segja, því sjaldan eru þær lengi að koma á eptir krakkanórurnar.

Anna í skólanum: Jæja Björg mín, það er þó skárra að giptast, segir hann sira Snorri Snorrasen, heldur en lifa, sem menn kalla, upp á pólsku. Er það ráðlag, t. d. þarna kvað einn strákurinn í Njarðvíkunum vera nýbúinn að eiga barn með einni píunni hans sira Snorra. Það má segja, eins og stendur í einni góðri bók, að manneskjurnar eru ekki eins góðar, og þær vera ættu; já, jeg skal segja þjer meira. Strákótugtin, sem króann átti, hafði ætlað að þræta fyrir hann, en þá tók sira Snorri hann svo duglega í karpúsið, að hann mátti til að meðkenna. Í öllum löndum er pottur brotinn, hljóðar málshátturinn.

Madama Björg: Mjer var sagt, þeir hefðu heldur tekið sjer neðan í því um kveldið hjá honum Fergúson; þar hafði, trú jeg, verið setinn bekkurinn. Antoníus stjörnuspekingur hafði, trú jeg, verið reglulega blekaður; hann hafði drukkið 10 glös af toddy — skárri er það gammurinn. Laurentíus kaupmaður hafði verið að mæla fyrir skálum, og elskan hann Loppesen minn

Digitized by Google

hafði engan veginn verið frí. Trallenberg var dálítið hýr, en hann Ámundi aumingi út úr. Er það leben á fólkinu. Að hann Ámundi, sem liggur við sveit, skuli vera að hanga aptan við þessa stórherra, einungis til þess, að láta þá hafa gaman að sjer. Einum gleymdi jeg, honum Filippusi mínum; hann hafði verið töluvert við skál, en það er karl, sem kann að komportera sig. Mjer er sem jeg hefði sjeð hann Árna minn innan um þessa karla. Nei, ekki er hann drykkjumaður, rolan sú arna.

Anna í skólanum: Fröken Eva Snorrasen er búin að kasta íslenzka búningnum, það get jeg liðið. Frúin á kvennaskólanum hefur sagt, að hún væri sú gáfaðasta á kvennaskólanum. Mjer var sagt, að hún sje búin að bestilla sjer nýmóðins lífstykki, sem spennir brjóstið út, og þrýstir mittinu svo inn, að hún verður svo dæileg í vexti. Hún hafði líka nokkuð upp úr því, sama daginn, sem hún fór á rauða kjólinn, og hafði um sig nýja lífstykkið, varð assistent Loppesen svo bráðskotinn í henni í búðinni hans Laurentíusar, að hann kallaði hana engilinn sinn; þetta kalla jeg «pænt»; svona á ein ung stúlka að slá þessa karla; þess skal ekki langt að bíða, að jeg býð henni til mín.

Madm. Björg (við sjálfa sig): Er ekki Manga komin enn þá, skyldi ban... hyskið ekki ætla að láta hana fá það, sem jeg beiddi um; ætíð er eins greiðviknin hjá manneskjunum.

Einhver sagði mjer, að fólkið í apothekinu hefði haft til middags í gær hænsnasteik a la Paris, og svo á eptir ústoppaða gæs a la Berlín; eru það mathákar, liggur mjer við að segja.

Anna í skólanum: Þá hafði verið falleg lætin í

Digitized by Google

honum kaupmanni Dannemann á ballinu um daginn; hann hafði hreint út sagt verið að «kógitera» við allar dömurnar, hann er ljótur rækals «Don Juan» (kvennamaðurinn). Sá skyldi hafa fengið fyrir ferðina, ef hann hefði komið til mín. Þá er kominn einhver sveitarstrákur að vestan í búðina hjá honum Laurentiusi, því líkur sláni; þegar jeg kom í búðina, gat hann ekki sagt svo mikið sem goddag á dönsku; hann kvað ganga með einhverjar grillur í höfðinu og vera að dispútera við sjálfan heimspekinginn hann Filippus; honum sæmir sveitarstráknum, að vera að dispútera við sjálfan heimspekinginn, sjer er hver ósvífnin.

Madm. Björg: Það er eins og jeg hef svo opt sagt, heimur vesnandi fer. Er það ekki «pænt» hvernig hún Guðný gullsmiðskonan hefur tekið eptir henni frú Krasibras, með að klæða börnin sín; hún lætur þau ganga með beran háls og handleggi, í hvaða kulda sem er; þetta segir hún gjöri börnin svo hörð og hraust; þó eru þau einatt veik og veimiltítuleg, og eins og þróttlaus, en hvað um það, þegar börnin eru fín, þá þarf ekki að vera að hugsa um heilsuna.

Þannig ljetu þær dæluna ganga, þangað til Manga kom aptur.

Sjómannskonan.

Eptir að vjer höfum heimsótt madm. Björg, skulum vjer oss til uppbyggingar heimsækja aðra konu. Hún býr upp í hinu svokallaða Grjótahverfi, sem er vestan til í höfuðstaðnum; kona þessi heitir Guðný, og er maður hennar sjómaður, að nafni Ásmundur. Þegar Guðný var ung, var hún vinnukona hjá einum af embættismönnum bæjarins; þá átti hún í mörgu betri daga, en síðan

Digitized by Google

hún varð kona og móðir. Hún var snemma ötul og dugleg, svo það var ekki völ á, að fá slíka vinnukonu; þar að auki hafði hún þann góða eiginlegleika, að hún var jafnan glöð og kát. Allt í einu kom Ásmundur ungur og frískur sjómaður. Þegar hann sá Guðnýju í fyrsta sinni, varð honum heitt um hjartaræturnar, og svo jókst þessi hiti, að hann bað Guðnýjar og fjekk hana. Nú varð breyting á stöðu Guðnýjar. Hún varð að flytja upp í nýjan bæ, þar sem ekkert nema fátækt var í kringum hana, því Ásmundur var maður bláfátækur, og hafði ekkert að bjóða, nema sjálfan sig. Guðný tók þessu öllu með hinni mestu skynsemi; hún hafði heitið Ásmundi trú sinni, og reyndist honum sem gullið. Börnin fæddust á hverju ári, en á meðan að fiskiveiðarnar heppnuðust, þurftu þau enga nauð að líða. Svo komu seinna hörðu árin; fiskileysið reið í garð með sínum hörðu kjörum. Ásmundur gat varla staðið straum af ómegðinni, en Guðný vann baki brotnu, og hjelt vel á hinum litlu efnum. Opt og einatt urðu þau hjónin að fara svöng í rúmið eptir harða og langa dagsvinnu. Drengirnir, sem allir voru mannvænlegir og frískir, voru Guðnýju til mestu gleði; þó árin liðu í örbyrgð og fátækt, þá var Guðný jafnan hin glaðasta; hún vissi ekki hvað það var, að mögla yfir kjörum lífsins. Loksins komust drengirnir á legg, svo þeir gátu farið að hjálpa foreldrum sínum; nú batnaði í ári, og öll þrautin og armæðan var gleymd. Tveir synir þeirra fóru út á fiskiskip; það var lengi úti, og var talið af; þá var sorg í bænum hjá Guðnýju. Móðurástin, sem brann í hjarta hennar, gat varla hugsað til þess, að missa sín ástkæru börn, og Ásmundur var að sínu leyti eins sorg-

Digitized by Google

mæddur. Engin fregn kom af skipinu; allir þóttust fullvissir um, að það mundi aldrei sjást meir. Guðnýju fannst þessi byrði miklu þyngri en öll byrðin, sem hún hafði borið frá því hún varð kona og móðir; þó heyrðist aldrei eitt möglunaryrði frá hennar vörum, því hún bar sorg sína með þögn og þolinmæði. Allt í einu frjettist, að skipbrotsmönnum hefði verið bjargað; óðar en Guðný vissi af, er sorg hennar snúin í gleði, báðir synir hennar eru heilir heim komnir, og eru á víxl í faðmi móður sinnar; þá felldi Guðný mörg tár af einskærri gleði og kærleika, og slík tár verða aldrei virt eptir krónutali, þau voru hin skærustu tár móðurhjartans. Þá var það sannarlega hressandi að sjá gleði Ásmundar og konu hans yfir aptur-komu sona þeirra. Þá var gaman að heimsækja þau Guðnýju og Ásmund, því gleðin var þar ómenguð, og kærleikans ljós logaði þar eins og á skíðum. Vjer efumst ekki um, að lesarinn fari ánægðari frá þessum góðu hjónum, heldur en frá madömu Björg snikkara-konunni, með allt nöldrið og mælskuna.

Heillaóskir hjá madömu Tjörnesen.

Vjer höfum áður getið þess, að fröken Eva Snorrasen kom með madömu Tjörnesen inn í búð Laurentíusar kaupmanns; urðu þar heldur fagnaðarfundir, því assistent Loppesen varð hrifinn af rauða merinos-kjólnum og hattinum, sem var hálfa alin fyrir ofan hvirfilinn á henni; madama Tjörnesen var móðursystir Loppesens, og bjó hann hjá henni og manni hennar, sem var skrifari hjá Krasibras. Madama Tjörnesen hafði hug á fröken Snorrasen, eða sem hún var skírð Eva Magdalena María Snorrasen. Faðir hennar, sira Snorri

Digitized by Google

ríki í Njarðvík hafði komið henni til Reykjavíkur, til þess að mennta hana á hinum nýja kvennaskóla; varð hún brátt orðlögð um höfuðstaðinn fyrir gáfur og atgjörvi bæði til sálar og líkama, ekki sízt, þegar hún var búin að kasta svarta pilzinu og peysunni, og færði sig í fallega merinoskjólinn rauða. Þegar madama Tjörnesen var búin að koma ár sinni svo vel fyrir borð, að Loppesen var búinn að tala við Evu, sparaði hún ekki að bjóða fröken Snorrasen opt heim til sín, til að kenna henni það, sem hún kallaði «dannelsi» og góða siði. Þess var heldur ekki langt að bíða, unz mad. Tjörnesen fór að taka eptir því, að þeim var orðið vel til vina Evu *og* Loppesen; þegar svo vildi til, að hann ekki var heima, gleymdi hún eigi að hæla honum fyrir gáfur og alls konar göfuglyndi; tók hún það opt fram, að dæilegri kavallier sæist varla nú á dögum, og mundi hann sjálfsagt gjöra hvern þann kvennmann heppinn og gæfusaman, er yrði hans frú. Fröken Eva, sem sjerstaklega dáðist að öllu útlendu, hversu afkáralegt sem það annars var, þótti ekki miður varið í assistentinn, og sagði stundum, hversu gaman það væri, að vera kölluð frú Eva Magdalena María Loppesen.

Það var enn þá eitt, sem hafði valdið mad. Tjörnesen mikillar gleði, og var það, að maður hennar var nýlega orðinn dannebrogsmaður. Hann hafði lengi verið skrifari hjá Krasibas, og fyrir dyggilega þjónustu sem «kopiumaskina», hafði húsbóndi hans borið hann fram við stjórnina, svo hann var gjörður að dannebrogsmanni. Það var því ekki að furða, þó Tjörnesen mætti út með nokkur chocolade-pund — hann sjálfur allt í einu orðinn dannebrogsmaður, og Loppesen frændi konunnar hans nýtrúlofaður fröken Evu Magdalenu

Digitized by Google

Maríu. Þegar þetta frjettist um höfuðstaðinn gekk mikið á, — nú komu líka gestirnir með sínar heillaóskir.

Þegar gengið var inn í hús Tjörnesens, var það þannig lagað. Fyrst var fordyri, og var stór stofa til hægri handar, þegar inn var gengið; þar inn af var minni stofa. Hin fyrri stofan var viðhafnar-stofan, hin síðari daglega stofan. Á móti viðhafnar-stofunni var svefnherbergi þeirra hjóna, en uppi á kvisti var svefnherbergi Loppesens.

Þennan morgun, sem von var á gestunum, hafði mad. Tjörnesen mikið að starfa; hún hafði lánað kaffibolla úr öllum áttum, tvær steinolíumaskínur úr einum stað, en kaffið og chocolaðið hafði Tjörnesen lánað í Veltunni; — klukkan var nú orðin 12. Loppesen var búinn að klæða sig, og var í svörtum flöielsfrakka, með hárautt slipsi um hálsinn, í stjörnóttum buxum, og hjekk hvítur vasaklútur langt niður úr brjóstvasa hans. Fröken Eva Magdalena María Snorrasen var á nýjum hárauðum merinoskjól, með svarta flöielstreyju yfir sjer; var hún öll með laufaskurði að neðan, og náði ofan á miðjan kjólinn. Hún hafði hvítan flibba um hálsinn, eins og karlmenn eru vanir að hafa; voru þeir kallaðir «Stanley-flibbar», og hafði hún lánað þennan hjá unnusta sínum. Hár hennar, sem var mikið, var hnýtt í hnút aptan í hnakkanum, með nýsilfur-fjöður í gegnum. Sú fjöður var köllud amorspíla, og hafði Loppesen gefið henni, þá þau trúlofuðust; var hún haglega gjörð úr nýsilfri og kostaði 98 aura. Eva og Loppesen sátu saman í sófa við gluggann. Þau horfðu hvort á annað brosandi, en töluðu ekki orð, því það er ekki álitið «fint» fyrir nýtrúlofaðar persónur, að tala saman, þegar þær eiga von á gestum. Á borði, í horninu á

Digitized by Google

herberginu var stór bakki með ótal vínglösum, og þar hjá tvær stórar borðflöskur (karöflur) fullar með kirsiberjavín. Í því madama Tjörnesen kom inn í stofuna, var barið, og madama Björg snikkarakonan gengur hratt inn eptir gólfinu; hún kastar sjer í faðminn á madömu Tjörnesen og hrópar: Elskaða madama Tjörnesen, þvílík gleði, þvílík unun, þvílík stórtíðindi. Maðurinn yðar orðinn dannebrogsmaður, og fröken Eva Magdalena María bráðum orðin frú Loppesen; má jeg óska yður til heilla (gratúlera) þúsund sinnum.

Mad. Tjörnesen: Jeg þakka yður fyrir madama Árnasen.

Að svo mæltu gengur madama Björg til þeirra Evu og Loppesens, og óskar þeim til heilla.

Nú er aptur barið; koma inn þeir kaupmaður Laurentius, húsbóndi Loppesens, stjörnuspekingurinn Antonius, Trallenberg, Filippus heimsspekingur og seinast Ámundi aumingi. Þegar þeir eru búnir að óska þeim til heilla madömu Tjörnesen og hinum ungu brúðhjónaefnum, setjast þeir á stóla þar í kring; verður nú þögn í hálfan tíma, því það er ekki «fínt», að tala saman við slík tækifæri. Allt í einu verður madömu Tjörnesen litið út um gluggann, hrópar hún þá upp og segir: Þvílík æra! Jeg sje að konsúll Börgesen með frú sinni og dóttur eru á ferðinni. Þarna sjer maður, hvort það er ekki gott, að vera orðinn dannebrogsmaður. Í þessu gengur inn konsúll Börgesen, og með honum frú Börgesen mjög stórlát á svipinn, og seinast fröken Emilia Börgesen; hún var í bláum merinoskjól. Þegar þau komu inn, stóðu allir gestirnir upp með ógurlegum lotningarsvip.

Digitized by Google

Frú Börgesen hleypur í fangið á madömu Tjörnesen og segir: Jeg kunni ekki við annað en gjöra visit (finna yður), fyrst maðurinn yðar er orðinn dannebrogsmaður, og yðar ungi fætter (frændi) er nýforlofaður; má jeg leyfa mjer að gratúlera (óska yður til heilla) upp á hið fínasta. Ó! hvað hún er sæt, hún fröken Snorrasen á rauða kjólnum með «pyramidshornunum» á treyjunni. Maðurinn minn sagði mjer, að nú mundi ekki lengi að bíða, þangað til Tjörnesen yrði forfremmaður aptur, og gjörður að riddara, og þá komizt þjer í ekkar tölu, sem frú Tjörnesen. Ó! sæta madama Tjörnesen, jeg kvelst af tómri angist þangað til.— Konsul Börgesen hneigir sig fyrir öllum gestunum, þegar hann er búinn að óska hinum ungu bráðhjónaefnum til heilla; síðan sezt hann niður, horfir á eina mynd á veggnum og starir. Allir þegja og horfa út í loptið. Nú kemur nýr gestur; er það sira Snorri í Njarðvík. Hann gengur hægt inn eptir gólfinu, hneigir sig fyrir gestunum á báða vegu. Þegar hann er kominn til dóttur sinnar, mælir hann þessi orð: Elskaða Eva mín, nú er þín hamingjusól upp runnin, því bráðum ertu orðin frú Eva Magdalena Maria Loppesen, og þjer ungi herra, minn tilvonandi tengdason, þjer getið þá og þegar orðið grosseri Emil Ludvig Antonius Loppesen. Þetta kalla jeg sannarlegt barnalán. Með því lítil varð samræðan á meðal gestanna, þar þá skorti umtalsefni, stendur sira Snorri upp með glas af kirsiberjavíni í hendinni og segir:

«Takið glösin í hendur yðar, heiðruðu vinir. Einusinni, þegar jeg hjelt snjalla ræðu viðvíkjandi því, hversu áríðandi það sje fyrir gólfinu að líta mikið á fagurt

Digitized by Google

form, og ytra álit, þá datt mjer í hug, að ef jeg mætti velja ráðahag handa dóttur minni Evu Magdalenu Mariu, þá vildi jeg helzt óska mjer tengdason, er væri eins að kostum búinn, eins og sá, sem hjá henni situr. Eptir hans eigin orðum, hefur hann ferðast víða um heim, ekki einungis frá Kaupmannahöfn til Hróarskeldu, heldur víðsvegar um eyðimerkur Jótlands, svo hans lífsreynzla hlýtur að vera mikil. Að tengjast manni, sem eins vel kann að koma ár sinni fyrir borð, eins og grósseraefnið Emil Ludvig Antonius Loppesen, er stór heiður, ekki einungis fyrir mig, sem ómenntaðan sveitaprest, heldur einnig fyrir þetta aumingja afskekkta land, sem enn þá ekki þekkir sinn vitjunartíma, nje skynjar hvað vel er við það gjört (Ámundi aumingi: þetta eru fögur orð. Laurentius og allir hinir: bravo! bravo!). Það er nú á þessari hátíðlegu stundu, að vjer erum hjer saman komnir, til þess að samgleðjast yfir þessum merka atburði í sögu landsins. Því eins og rauði liturinn er fallegri og skrautlegri heldur en sá svarti, eins er það víst, að dóttur minni fröken Evu Magdalenu Mariu hæfir betur hinn rauði merinos kjóll, heldur en svarta ullar pilzið og peysan (nú viknuðu margir af gestunum). Að svo mæltu vil jeg biðja yður alla, að drekka til heilla og hamingju hinum ungu brúðhjónaefnum: grosseraefninu Emil Ludvig Antonius Loppesen og fröken Evu Magdalenu Mariu Snorrasen.

Ragnheiður Gunnarsdóttir á Elliðavatni.

Það er ætíð fallegt, að sjá vel gjörðan sveitarbæ, þar sem allt er hvað eptir öðru. Gunnar bóndi á Elliðavatni var bezti búhöldur, og fjáður vel. Bæ sinn

Digitized by Google

hafði hann með miklum kostnaði byggt úr íslenzku grjóti; einnig hafði hann látið byggja upp öll utanbæjarhús með hinni mestu snild. Fjárhúsin voru stór og rúmgóð. Í fjósinu hafði hann um 20 kýr. Gunnar átti tvö börn; Tryggva þekkjum vjer, hann var fyrst í búð hjá Laurentíusi kaupmanni, en eptir eitt ár sigldi hann til Skotlands, og var þar á skrifstofu hjá einum ríkum kaupmanni, er Slimon hjet. Dóttir Gunnars hjet Ragnheiður; hún var 2 árum yngri en Tryggvi bróður hennar, og var 20 ára gömul um þessar mundir. Ragnheiður var hinn bezti kvennkostur, hún var meðal-kvennmaður á hæð; hún var allra kvenna fríðust; hún hafði mikið glóbjart hár, andlitsliturinn var bjartur, augun dökkblá, nefið beint og vel lagað, munnurinn nettur, hendurnar og fæturnir smáir, málrómurinn var blíður og þó kraptmikill, allt hennar fas tignarlegt og kvennlegt; fremur var hún fálát áður en menn fóru að þekkja hana, en eptir því sem menn kynntust betur við hana, varð hún glaðlegri. Hún var vel að sjer bæði til munns og handa, og var hún ein af þeim íslenzku konum, er kenndi frá sjer hinn íslenzka klæðasaum; var hún mesti snillingur í því, að skattera og baldíra, auk þess sem hún hafði sjerstaklega gott vit á að velja hið fallegasta snið og hina fögrustu uppdrætti; Ragnheiður var að mörgu einkennileg; hún var mjög frábitin því, að leggja nokkurn dóm á aðra menn eptir sögusögn einni, eins og líka hún aldrei virti náunga sína eingöngu eptir ytra áliti. Þegar hún heyrði hina daglegu sleggjudóma um þessa eða hina, var hún vön að segja, að hún eigi þekkti þann og þann mann nógu vel, til þess að geta fellt um hann nokkurn dóm; hjarta hennar var viðkvæmt af

Digitized by Google

náttúrunni, og með fram af þekkingu, er hún hafði aflað sjer af að lesa góðar bækur, náði mannkærleiki hennar miklu lengra en margra annara af hennar stallsystrum. Í andliti hennar sást á stundum þessi einkennilega samblöndun af blíðu og alvöru; hver, sem sá hana í þeim augnablikum, fann eins og ósjálfrátt til þeirra áhrifa, sem góð og mikil sál ber ætíð með sjer. Að fá slíkan kvennkost, er sannarlega að fá úthlutað hinu góða hlutskipti; sá sem það hreppir, fær það aldrei fullþakkað hinum mikla húsföður, er opt og einatt grípur svo undarlega inn í lífsins tilfelli, að vjer hlytum að falla í undrun yfir speki hans og kærleika, ef vjer einungis vildum taka eptir því. Vjer ættum að vera vissir um, að eilíf forsjón ekki einungis grípur inn í hin einstöku tilfelli hins einstaka, heldur hefur hún einnig öll heimsins tilfelli í hendi sjer. Slík fullvissa í vorri meðvitund er ómetanleg og alveg nauðsynleg, ekki síst nú á þessum trúarlausu tímum, þar sem eigingirnin er svo búin að þrengja sjer til rúms, að menn eru sofnaðir í myrkri hins dauða bókstafs, eru búnir að vefja sig inn í dulur hins ytra forms, en hafa rekið á brott andans og kærleikans ljós.

Assistent Loppesen heima hjá sjer.

Svo stóð á, að einu sinni átti Laurentius kaupmaður að borga stóra upphæð peninga fyrir toll á vínum og tóbaki; skipti það mörgum hundruðum króna. Þessa peninga hafði hann í skáp í skrifstofu sinni. Eitt kveld sem optar heimsótti Kjartan assistent Loppesen, þar sem hann bjó hjá madömu Tjörnesen, því hann hafði erindi við hann. Það vildi svo til, að þetta sama kveld höfðu madama Tjörnesen og maður hennar riðið

Digitized by Google

suður á Álptanes í kynnisferð, og var ekki von á þeim heim það kveld. Loppesen hafði því boðið til sín vini sínum kaupmanni Dannemann; höfðu þeir þekkzt eitthvað lítið áður í Kaupmannahöfn, og svo betur seinna í Reykjavík. Þegar þessir tveir herrar fundust, var samræðan vanalega um eitthvað matarkyns, eða viðvíkjandi því, sem þeir köllnðu, að lifa bon (vel); eða þá samræðan laut að því, að hæla hvor öðrum á víxl, og var hún þá krydduð með fyrirlitlegum smáathugasemdum um Ísland og Íslendinga. Öll vegsemd og dýrð heimsins var jafnan hjá þessum herrum óaðskiljanleg frá Kaupmannahöfn. Allt var ónýtt, nema það væri eins og helgað af einhverjum Kaupmannahafnarblæ. Þeim fannst það eins og skylda sín, að reyna að vekja hjá hverjum manni, sem átti tal við þá, einhverja sjerstaklega lotningu fyrir öllu því, er kæmi frá Kaupmannahöfn; jafnvel stórprakkarar, sem finnast þar, eins og í hverri stórri borg, voru eptir þeirra hugmyndum sannkallaðir stórherrar. Þegar Kjartan kom inn, bauð Loppesen honum að setjast niður, og leiddi vin sinn Dannemann til hans, um leið og hann sagði honum, hver hann væri. Að vörmu spori kom stúlka með stóra könnu af heitu vatni, og kúfað sykurker. Loppesen gekk að skáp í herberginu, og tók þar út stóra borðflösku með kognaki; þar næst býður hann þeim Dannemann og Kjartani að fá sjer hressingu í minningu þess, að nú sje sinn fæðingardagur, og því hafi hann í hyggju að skemmta sjer í kveld.

Dannemann: Má jeg gratúléra (óska til lukku) grossera-efninu með kærustu hans frökken Evu Snorrasen. Slíkt glimrandi parti (svo góður ráðahag-

Digitized by Google

ur) forþjenar (á skilið) sannarlega eitt glas af toddy.

Loppesen: Jeg þakka ærbödigst (auðmjúkast) mínir herrar. Jeg var mikið fornúftugur (skynsamur), þegar jeg fangaði (náði í) það rósrauða fiðrildi; nú vantar ekkert, nema sá gamli vilji út með skildingana. Eins og vjer segjum: «den Dag den Sorg» (þá koma dagar, þá koma ráð), eins segi jeg nú, burt með alla melankoli (þunglyndi), húrra! húrra!

Dannemann: Þú ert nú þegar orðinn eins vel talandi (mælskur), eins og rígsdagsmaðurinn (þingmaðurinn) Bille.

Kjartan: Það er næsta undarlegt, að þjer skuluð kalla unnustuna yðar «fiðrildi»; þjer eruð þá líklegast sjálfur kongulóin, sem ætlið að vefa utan um aumingja fiðrildið.

Loppesen: Þessi »udtryk» brúkum við civiliseruðu (menntuðu) mennirnir, sem þið ekki skiljið, þið græningjarnir úr sveitinni.

Dannemann: Manstu ekki eptir Loppesen, þegar við vorum að ferðast á járnbananum (járnbrautinni) frá Khöfn til Helsingjaeyri, og borðuðum sætsúpu með pönnukökum á leiðinni?

Loppesen: Og drukkum tvo snapsa af svensku banco á eptir.

Dannemann: Þá lifðum við, sem maður kallar, bon, það er munur en hjer á þessum klakahala veraldarinnar á meðal hálf kultíveraðs (menntaðs) fólks.

Kjartan: Það er annars mikið, að jafnmiklir gáfumenn, sem þið eruð, skulið hafa sótt hingað í þessar leiðu óbyggðir, er þið kallið. Mjer finnst Dan-

Digitized by Google

mörk hafa beðið mikið tjón, að missa slíka skörunga, sem þið eruð, einkanlega kaupmannastjettin.

Loppesen: Já, það getur þú stólað upp á, að jeg skal kenna þjer handelin, svo þú kunnir að behandla (fara með) Íslendinginn upp á þá rjettu kaupmannsvísu.

Dannemann: Ómögulega get jeg begribið (skilið), hvernig þessir aumingjar færu að, ef vjer kaupmennirnir ekki uppoffruðum, sem Svenskurinn segir, «líf og blóði» fyrir þessa stakkela (aumingja). Í fyrra vildi svo til, að heftugur stormur kom allt í einu; ótal margir fiskimenn höfðu róið af Akranesi, og komu hingað til hoveðstaðinn, bæði votir, svangir og þreyttir; þeir flykktust eins og sæðvanlega í búðirnar, þá vorum vjer svo gavmildir (örlátir) kaupmennirnir, að vjer skutum saman handa þeim, og gáfum þeim 2 pund af skonnrogi og hálf pund af munntóbaki. Þetta kalla jeg fallegt exempel (dæmi).

Kjartan: Meira örlyndi sýndu þó bændurnir í kringum Reykjavík, og hjer út á nesinu, sem bæði hýstu þá og fæddu í marga daga, og það fleiri skipshafnir.

Loppesen: Líkur sækir líkan heim, það er natúrligt, að dónarnir besöge (heimsæki) dónana.

Kjartan: Mjer finnst þið góðu herrar gjöra lítið úr örlyndi og kristilegum kærleika, eða eru ekki bændurnir yðar náungar, eins og hverir aðrir, eða er gestrisnin og mannúðin ekki eins hrósverð hjá þeim, eins og yður örlyndu kaupmönnunum.

Dannemann: Kemur hann þarna ekki aptur með þetta gamla snakk og slúður: örlyndi og kristilegan kærleika og desligt (þesháttar). Nei, slíkt stend-

Digitized by Google

ur ekki skrifað í okkar kokkabók. Það er ekki móður að leggja sig eptir slíku.

Loppesen: Ef jeg man rjett, þá hafði það staðið eingang (einusinni) í gamallri kerlingabók, að maður skyldi elska sinn Næste (náunga), eins og sjálfan sig, en þetta hefur aldrei verið viðtekið í handelsforeningunni (kaupmannasamkundunni), og getur því ekki verið tekið í Betragtning (komið til greina).

Kjartan: Jeg á bágt með að skilja, hvað þessi handelsforening á hjer skylt að máli; en svo mikið er víst, að hún er ekki það, sem gestgjafi Ferguson sagði mjer einu sinni, hið merkasta kaupmannafjelag á norðurlöndum, þar ekki liggja nein stórvirki eptir hana hjer á landi, það jeg veit.

Dannemann (uppvægur). Það er hreint og beint óforskammað, að tala ekki með tilhörlig respekt (hæfilegri virðingu) um handelsforeninguna. Sá, sem vogar sjer slíkt, ætti að komast í tugthúsið.

Kjartan: Ekki hræðist jeg neinar hótanir. Jeg hef alls ekki talað óvirðulega um handelsforeninguna. Jeg sagði einungis, að það lægju ekki eptir hana nein stórvirki hjer á landi, hvorki í einu nje öðru; á meðan þið góðu herrar ekki getið sannað hið mótsetta, duga engin stóryrði; meira að segja, hvaða merki um göfuglyndi liggja hjer á landi eptir danska kaupmenn? Máske þið meinið ormakornið, sem einn grósserinn vestanlands lánaði þeim aumingjunum í kringum Ólafsvík. Sannar ekki þetta með öðru, að örlyndi kaupmannanna lendir allt hjá sjálfum þeim, því þeirra motto er «eigingirni».

Loppesen (fokreiður): Þú verður svei mjer að muna eptir, í hvaða selskabi þú ert. Hjer er einn út-

Digitized by Google

lærður handelsmaður (verzlunarmaður) frá Kaupmannahöfn, sem hefur gengið á þrjá handelsskóla (verzlunarskóla), og hefur ferðast um mikinn part af Sjálandi, ásamt öræfum Jótlands, svo hann er orðinn berömtari (frægari) en sjálfur Livingston. Þú skalt því taka þig í agt (vara þig), að reita hann ekki til reiði. Þú skalt líka vita Kjartan, að jeg er sjálfur mikið fínt fólandi (hef næma tilfinningu) um þá respekt (virðingu), sem þú átt að sýna mjer.

Kjartan: Jeg verð að segja ykkur það góðu herrar, að jeg álít ykkur hvorugan meiri fyrir það, þó þið látizt vera öllum fremri. Jeg veit ekki til, að þið skarið fram úr í neinu, sem nokkur drengskapur er í; meira að segja, jeg álít hvern ærlegan bónda og vinnumann úr sveit, eins göfugan og ykkur, þó þið viljið telja mönnum trú um það enn, að þið kunnið öll vísindi heimsins, og hafið farið um allan heim.

Loppesen: Bráðum fer þetta að ganga of vítt (langt), nú blífur (verður) hann óforskammaður (ósvífinn), Íslendingurinn.

Dannemann: Þú skalt vita Loppesen, að jeg befind mig fornærmaðan (álít mig móðgaðan) í þínu húsi; og jeg heimta að þessi sveitastrákur verði straffaður.

Kjartan: Þið getið ekki neitað því, góðu herrar, að verzlunaraðferð sú, sem enn þá er við höfð hjer í höfuðstaðnum, er að mörgu leyti verzlunarstjettinni til minnkunar; þarfir tímanna heimta það, að ekki allt verði látið daga uppi í aðgjörðaleysi og gömlum óvana. Eitt er, sem jeg hef meðal annars tekið eptir, síðan jeg kom hingað, til að læra verzlunarfræði hjá Laurentiusi kaupmanni, það er, að sú almenna skoðun er drottnandi hjá

Digitized by Google

kaupmönnunum, að allt sje nógu gott í Íslendinginn; það er sjálfsagt, að það dugar ekki að flytja heila farma af ormakorni, og bjóða fólki slíkt, því þá mundu yfirvöldin taka í strenginn, heldur meina jeg það, að verzluninni fari í raun og veru mjög lítið fram. Kaupmenn annaðhvort vilja ekki, eða rjettara sagt, nenna ekki að breyta til með vörutegundirnar; hjá mörgum er þetta líka af kunnáttuleysi, þeir kunna ekki að velja vörur, þó þeir hafi allan markað heimsins að velja á. Sömu klútarnir, sömu vefnaðarvörur og sömu ljereptin koma ár eptir ár, rjett eins og menn lifðu á einhverri stirðnunaröld. Stundum eru líka vörunar mjög slæmar, t. d. smíðatól og ýmsar járnvörur (isenkram) eru gamlar leifar úr búðunum í Kaupmannahöfn, mjög sjaldan koma vörur með nýjum munstrum. Þegar nýju vörurnar koma á vorin, er þeim dembt saman við þær gömlu, því það er eins og engum kaupmanni detti það í hug, að selja leifarnar við uppboð, eins og alstaðar er gjört í heiminum, svo þær ekki spilli fyrir sölunni á nýju vörunum. Þegar sveitafólk og bæjarfólk kemur í búðirnar, verður það að ganga búð úr búð til þess að vita, hvort það eða það sje til, því svo eru kaupmenn vanafastir, að þeir svo gott sem aldrei auglýsa vörur sínar á prenti, svo þeir geti gjört skiptavinum sínum hægra með að verzla; það er eins og þeir sjeu búnir að gleyma því, að tíminn er líka peningar fyrir þeirra skiptavini. Þegar sveitamenn koma í búðirnar, kunna margir af verzlunarstjórunum bezt við, að þeir komi til þeirra með einhverjum auðmýktar- og lotningarsvip (sem er í rauninni fyrirlitlegur), einkum þeir, sem eru þeim skuldugir. Jafnvel þeir, sem eiga stórfje inni hjá kaupmönnum, verða að haga orðum sínum mjög

Digitized by Google

auðmjúklega, sjer í lagi ef svo er ástatt, að þeir þurfa að fá nokkrar krónur í peningum, því þá bretta og fetta kaupmenn sig, eins og skiptavinir þeirra ættu líf og velferð sína í þeirra höndum. Allur þessi blær á verzluninni sýnir, að hjer er eitthvað rotið, sem þarf stórra umbóta við, ef vel á að fara til lengdar.

Þegar kaupmenn heyra slíkar aðfinningar, sem þeir þó ekki geta hrundið með neinum rökum, er það vanalega viðkvæðið hjá þeim: «Farið þið Íslendingar sjálfir, og verzlið; skoðið þið, hvernig hinum innlendu verzlunarfjelögum hefur farizt». Þeir gæta þess vandlega, að minnast sem minnst á hið eina stóra innlenda verzlunarfjelag, sem er Gránufjelagið; þeim getur ekki dulizt sá vöxtur og viðgangur, sem það fjelag hefur fengið á fáum árum, og þá klæar illa bak við eyrun, þegar á það er minnst. Þeir gjöra lítið úr öllum vorum viðskiptum við Englendinga, og vildu helzt vjer hefðum sem minnst við þá að sælda. Jeg játa það, að það væri hollast, ef Íslendingar væru komnir svo langt á leið, að þeir ættu hverja verzlun á landinu sjálfir, og kynnu að hagnýta sjer verzlunina á þann hátt, er yrði þeim mest til nota; þetta segi jeg ekki af því, að jeg hafi neitt á móti nokkrum kaupmanni af því, að hann sje dánskur, heldur af því, að reynslan er búin að sýna, og hún sýnir enn, að kaupmenn með þessari verzlunarfaðferð sinni ómögulega geta unnið sjer hylli landsmanna. Því styrkja þeir svo gott sem enga íslenzka stofnun? Hversu mikið leggja þeir af fje sínu á hverju ári, landinu til þarfa og framfara? Það er sjálfsagt, það liggur engin lagaleg skylda á þeim að gjöra slíkt, en hin siðferðislega skylda ætti að hvetja þá til að sýna í verkinu, að þeir þó í það minnsta vilji Íslandi og Íslending-

Digitized by Google

um vel. Hvað hafa Reykjavíkur kaupmenn gjört Reykjavík til sóma? Sá kaupmaður, er gaf sjúkrahúsið, var að mörgu merkur kaupmaður, og vildi Íslandi vel í mörgu. Reykjavík vantar nýtt barnaskólahús; Reykjavík vantar nýtt hús fyrir bókasöfn sín, forngripasafn og náttúrusafn; Reykjavík þarfnast eitthvert opinbert hús, hvar bæjarmenn geti komið saman, bæði sjer til skemmtunar og til funda. Láti nú kaupmennirnir sjá, að það vakni hjá þeim sú siðferðislega skylda, að koma nú fram eins og örlyndir og góðir kaupmenn mundu gjöra annarstaðar, þá skulum vjer sannarlega unna þeim sannmælis, þá skulum vjer hvorki tala um það, hvort þeir sjeu danskir, þýzkir eða íslenzkir, heldur samfagna með þeim, að þeir þá sjái sóma sinn þó seint sje.

Þegar Kjartan var búinn með þessa löngu ræðu, gengur Loppesen að skáp, sem þar var í stofunni, tekur út úr honum glas með einhverjum dropum í, og hellir úr glasinu ofan í púnsglas Kjartans, án þess hann yrði var við, Síðan segir hann:

Látum oss nú vera vini, fyrst það er minn gebúrtsdagur (fæðingardagur) í dag. Jeg proponera (sting upp á), að við drekkum skál herra Dannemanns.

Kjartan: Jeg held jeg fari nú að fara, því það er orðið framorðið.

Loppesen; Eitt glas til afskeð (áður en við kveðjum). Nú skulum við drekka upp á það, að Kjartan verði einn dugtugur (duglegur) handelsmaður (verzlunarmaður). Þegar Kjartan hafði drukkið, seig hann í ómegin, því droparnir, sem Loppesen hafði hellt í glas hans, höfðu þau áhrif; hann steinsofnaði út af á legubekknum, þar sem hann sat.

Loppesen: Nu have vi expederet Fyren ind i

Digitized by Google

Drömmenes Land. Vi skulle nok lade ham erindre det, at han har været hos os i Aften.

[Nú höfum við sent hann inn í svefnsins heimkynni. Við skulum sjá um það, að hann muni eptir því, að hann hefur verið með okkur í kveld].

Dannemann: Jeg vilde blot önske, at vi kunde spille ham et endnu alvorligere Puds.

[Jeg vildi einungis óska, að við gætum leikið á hann enn betur].

Loppesen: Lad mig om det. Jeg har netop faaet en Idee, som jeg vil proponere dig; men lad os drikke ud.

[Láttu mig um það, mjer datt nokkuð í hug, sem jeg vil bera undir þig. Við skulum drekka út úr glösunum].

Dannemann: Du veed min Ven, jeg er lutter Öre, og staaer til Tjeneste.

[Þú veizt, vinur minn, að jeg hlusta á þig með athygli, og er reiðubúinn að gjöra það, sem þú vilt].

Loppesen: Som dig er bekjendt, er jeg nylig forlovet med Eva, Datter af sira Snorre Snorrasen den Rige i Njardvik. Hun er rigtig nok en Islænderinde, men Omstændighederne gjöre det nödvendigt, at dette Giftermaal finder Sted. Siden jeg kom til Kjöbmand Laurentius, har jeg, som du veed, levet temmelig flot. Nu for Öieblikket befinder jeg mig i stor Pengeforlegenhed, og finder ingen Udvei til at klare mig, indtil jeg bliver gift. Jeg veed, at min Principal har nu liggende i sit Skab paa Contoret flere Tusind Kroner, og i Gaar Aftes glemte han at lukke ind i Skabet 1000 Kroner, som ligge opstablede paa Pulten. Hvad siger du, om jeg nu kunde være som en behændig Fugl, og

Digitized by Google

flyve ind og gribe denne Skat, saaledes, at det blev aldrig opdaget, hvem der var den rigtige Gjerningsmand.

[Eins og þjer er kunnugt, er jeg nýtrúlofaður henni Evu, dóttir hans sjera Snorra ríka í Njarðvík. Reyndar er hún íslenzk, en kringumstæðurnar útheimta það, að þessi gipting verði. Frá því jeg kom til kaupmanns Laurentiusar, hef jeg, eins og þjer er kunnugt, lifað nokkuð óspart, og einmitt nú í þessu augnabliki sárliggur mjer á peningum; jeg sje engan veg til þess að komast úr þeim kröggum, þangað til jeg er giptur. Jeg veit, að húsbóndi minn, kaupmaður Laurentius, hefir í peningaskápnum á skrifstofunni fleiri þúsund krónur, og í gærkveldi gleymdi hann að læsa inn í skápinn 1000 kr.; þær liggja í hrúgum á púltinu. Ef jeg gæti verið eins og liðugur fugl, skyldi jeg fljúga inn um gluggann, og ná þessum auði þannig, að það kæmist aldrei upp, hver væri valdur að því verki].

Dannemann: Hvis du kunde være saa klog, og lade Skylden falde paa en Anden, da var Sagen let.

[Ef þú værir svo hygginn, að öðrum yrði kennt um það, þá væri þetta hægðarleikur].

Loppesen: Det er netop det. — Hvad siger du, hvis han, Slyngelen, som sover der, blev fundet der i Nærheden, efter at vi havde plukket Hönen.

[Þú átt einmitt kollgátuna; hvernig lízt þjer á það, ef slóðinn, sem liggur þarna sofandi á sófanum, skyldi finnast þar í nágrenninu, eptir að við höfum reitt hænuna]

Dannemann: Fortræffeligt! men hvorledes skulle vi bære os ad.

Digitized by Google

[Þetta er ágætt, en hvernig eigum við að fara að því].

Loppesen: Sagen er meget klar — naar Klokken er 12 i Aften, tage vi ham der, Fyren, og bære ham imellem os, for han sover som en Steen. Istedenfor at transportere Fyren hjem, lægge vi ham paa Trapperne udenfor Dören paa Butiken. Imedens han ligger der paa sit grönne Öre, gaaer jeg til Bagvinduet, aabner det forsigtig, springer ind, og napper Pengene. Imedens venter du udenfor, for at holde, som man siger, Udkig for næsvise Folk. — Naar det bliver opdaget, at Pengene ere borte, næste Morgen, komme vi frem som Vidner, og bekræfte, at vi have seet Kjartan ligge sovende paa Trapperne udenfor Butikken seent om Natten, saa falder naturligvis Mistanken paa ham.

[Það er mjög einfalt; þegar kl. er 12 í nótt tökum við piltinn, og berum hann á milli okkar, (því hann sefur eins og steinn); í staðinn fyrir, að fara með hann heim til sín, leggjum við hann á tröppurnar fyrir utan búðardyrnar; á meðan hann kúrir þar, förum við að glugganum, sem er á bakhliðinni; jeg opna hann, fer inn og tek skildingana; á meðan bíður þú fyrir utan gluggann, og lítur í kringum þig, hvort enginn forvitinn kunni að koma að. Þegar menn verða varir við, næsta morgun, að peningarnir eru horfnir, komum við báðir fram sem vitni á móti Kjartani, og berum það fram, að við höfum sjeð hann liggja sofandi á tröppunum, seint um nóttina, svo verður hann grunaður um að hafa tekið peningana].

Dannemann: Du er ligesaa klog, som Napoleon den tredje var. Bravo! denne Plan billiger jeg.

Digitized by Google

Saa recommendere vi Kjöbmand Laurentius, at faa Prokurator Trallenberg til at före Sagen imod Kjartan; det er en Karl, som kan varme disse storsnudige Islændere, men det forstaaer sig, vi maa smörre ham om Læberne; det kunne vi ogsaa godt staa os ved, ifald dine Fingre ere lange nok.

[Þú ert eins kænn og Napoleon þriðji, bravo! þetta líkar mjer vel, svo ráðleggjum við kaupmanni Laurentiusi, að fá málafærslumann Trallenberg til þess, að sækja málið á móti Kjartani. Trallenberg, það er karl, sem kann að hita þeim um hjartaræturnar, þessum gikkslegu Íslendingum; við verðum, að lauma einhverju í vasa hans; það eigum við líka hægt með, ef fingurnir á þjer verða nógu langir].

Nú leið tíminn, þangað til þessir tveir dánumenn heyrðu klukkuna í dómkirkjunni slá 12.

Loppesen: Nu er den gunstige Midnatsstund arriveret; lad os nu tage Fyren, og give ham en Billet, der vil sikkre ham Indgangen til Tugthuset.

[Nú er hin hentuga miðnættisstund komin; nú er bezt að taka piltinn, og útvega honum inngöngumiða inn í hegningarhúsið].

Nú tóku þeir Kjartan upp, sem svaf eins og saklaust barn, er átti sjer einskis ills von. Loppesen hjelt undir höfuðið og Dannemann undir fæturna, og þannig báru þeir hann, þangað til þeir voru komnir fyrir utan búðardyr Laurentiusar. Enginn sást á götunni, því þetta var eptir miðnætti, og allir voru í svefni. Þegar þeir höfðu sett Kjartan á tröppurnar, og látið hann halla sjer upp að hurðinni, gengu þeir að bakglugganum, er sneri til suðurs; vildi þá svo til, að þegar þeir fóru, að gæta að, hafði gleymzt að

Digitized by Google

loka glugggunum að innan. Loppesen, sem þekkti vel til, var ekki seinn að opna gluggann; lypti sjer upp á herðarnar á Dannemann, og skreið inn. Ekki þurfti Dannemann lengi að bíða fyrir neðan, því að vörmu spori kom Loppesen út aptur, og hafði þær 1000 kr. með sjer, er Laurentius hafði skilið eptir á púltinu. Áður en þeir gengu í burt, fóru þeir að búðardyrunum, til þess að vita hvort Kjartan svæfi; var hann steinsofandi, og hafði ekki hreift sig.

Loppesen: Det var en god Affaire. Ingen Spion har været i Nærheden; jeg har de 1000 Kroner i Lommen; Kjartan bliver mistænkt, for at være den skyldige.

[Þetta fór laglega, enginn njósnarmaður hefur verið í nánd; jeg hef þær 1000 krónur í vasanum; Kjartan verður grunaður um, að vera hinn seki].

Eptir að Loppesen hafði sagt þessi orð við vin sinn, gengu þeir tveir dánumenn heim til sín; þeir vöruðu sig ekki á því, eins og margir þeirra líkar, að sú var höndin holl, sem hlífði hinu saklausa ungmenni, sem svaf meðvitundarlaus á tröppunum.

Rjett í því, að þeir Loppesen og Dannemann voru að fara, vildi svo til að einn af vökturum bæjarins sá, hvar Kjartan lá sofandi; hann þekkti hann strax, en gat ómögulega skilið í, hvernig á því stæði, að slíkur reglumaður, sem Kjartan var, skyldi finnast þannig út á götu á næturþeli; hann grunaði strax, að hjer væri eigi allt með feldi; í því verður honum litið upp, og sjer hann þá, að tveir menn ganga saman vestur eptir strandstrætinu; var þá kl. 1. Hann tekur Kjartan, og ber hann heim til sín, þar sem hann bjó, afklæðir hann, leggur hann í rúm sitt, og fer síðan á brott.

Digitized by Google

Hver er sá seki?

Um morguninn, þegar Laurentius kaupmaður kom í búðina, varð hann brátt var við það, að peningarnir voru horfnir; þótti honum það næsta kynlegt. Assistent Loppesen ljet eins og hann væri ekki miður hlessa, en Laurentius sjálfur; þegar Kjartan kom ekki þennan morgun í búðina, eins og hann átti vanda til; gat Loppesen strax um það við Laurentius, að hann og Dannemann hefðu sjeð hann seint um nóttina liggja sofandi á tröppunum fyrir utan búðardyrnar. Þótti Laurentiusi það ískyggilegt. Hann var svo ergilegur í skapi út úr þessum peningamissi, að hann fór rakleiðis upp á skrifstofu bæjarfógeta, og sagði honum frá hvarfi peninganna; hann minntist einnig þess, sem Loppesen hafði sagt honum um Kjartan, og krafðist þess, að fógetinn kallaði hann fyrir. Það leið ekki á löngu, fyr en bæði pólitíin, Björn og Bang, fóru til madm. Sörensen, þar sem Kjartan bjó. Þegar þeir komu þangað, var Kjartan að klæða sig; þeir sögðu honum í stuttu máli erindið, og má geta nærri, hversu hlessa Kjartan var, þegar hann heyrði slíka sögu; hann sagði þeim strax, eins og satt var, að hann vissi ekkert um sig, frá því hann sofnaði kveldinu áður hjá Loppesen. Kjartan hlýddi stefnu fógetans, og fór strax með lögregluþjónunum, þegar hann var búinn að klæða sig.

Þó Kjartan gæti ekki áttað sig á öllu þessu, eins og von var, var hann samt rólegur, og sakleysið skein fram úr ásjónu hans, eins og líka samvizka hans bar honum þann vitnisburð, að hann væri sýkn af slíkum glæp. Þegar hann var yfirheyrður af fógetanum, svaraði hann því sama, er hann hafði sagt við lögregluþjónana, að hann vissi ekki neitt um sjálfan sig, frá því

Digitized by Google

hann sofnaði kveldinu áður á legubekknum hjá Loppesen; gat hann þess um leið, að þeir hefðu drukkið saman toddy, þeir þrír, Loppesen, Dannemann og hann, og hefði hann sofnað út af; síðan vissi hann ekkert um sína hagi, fyr en hann vaknaði um morguninn í sínu eigin rúmi.

Fógetinn: Samkvæmt embættisskyldu minni, verð jeg, að láta setja yður í varðhald, þangað til nánari rannsókn verður haldin í þessu máli.

Að svo mæltu tóku þeir Björn og Bang Kjartan, og fóru með hann upp í varðhaldið. Þegar búið var að setja Kjartan inn, gat hann í næði hugsað um sitt hryggilega ástand. Þó samvizka hans væri hrein og óflekkuð, gat hann ekki tára bundizt, þegar hann hugsaði um það, að hann var kominn inn í hús það, sem sjerstaklega er ætlað handa glæpamönnum. Þegar hann ljet hugann hvarfla heim til foreldra sinna, einkum móður sinnar, hrundu tárin niður eptir kinnum hans, því sú hugsun, að þau mundu frjetta ógæfu sína, var honum svo óbærileg, að hann ljet þessa svalalind sorgarinnar tæmast. Þegar hann hresstist, gat honum ekki dulizt, að einhver skæður óvinur vildi steypa honum í ógæfu, en á hinn bóginn vissi hann ekki til, að hann ætti nokkurn óvin, og sízt, að nokkur mundi vera svo mikill níðingur, að bera upp á sig þjófnað, sem honum hafði aldrei svo mikið sem dottið í hug að fremja. Hann vissi einnig, að hann gat ekkert gjört frekara í þessu máli, að svo stöddu, en ásakaði sjálfan sig, að hann hefði svo óvarlega drukkið með þeim mönnum, er hann þekkti alls ekki neitt til, nema það eina af Loppesen, er miður var. Hann treysti samt, að hversu illa, sem það

Digitized by Google

liti út fyrir sjer, þá mundi hin hulda hönd forsjónarinnar upp á einhvern hátt sanna sitt sakleysi, og þannig beið hann svo þolinmóðlega, sem menn gátu vænt í jafn óþægilegum kringumstæðum.

Strax um morguninn flaug þessi fregn um allan bæinn, hvarf peninganna úr búð Laurentiusar, hvernig Kjartan hefði verið til reika, þá hann fannst sofandi á tröppunum um nóttina, og scinast, að búið væri að setja hann í betrunarhúsið.

Eins og opt vill til, voru dómar manna misjafnir. Flestir sem þekktu Kjartan, unnu honum hugástum, og gátu því ómögulega trúað því, að hann reyndist sekur. Aptur voru aðrir, og það voru einmitt helzt þeir, er eins og gleðja sig yfir óförum meðbræðra sinna, sem sögðu, að hann mundi sjálfsagt reynast að vera þjófurinn, og voru jafnvel farnir að tiltaka, hversu mörg ár þessi svokallaði sveitastrákur fengi að verða í betrunarhúsinu. Nokkrum kom til hugar, að þeir Dannemann og Loppesen væru hinir seku, en að þeir vildu koma skuldinni á Kjartan. Þá voru nokkrir sem sögðu, að slíkt væri ómögulegt af jafn «dönnuðum gentlemönnum» Þannig sveimaði orðrómurinn um borgina. Daginn eptir var haldin rannsókn í heyranda hljóði á bæjarþingsstofunni; var þar kominn múgur og margmenni til að hlusta á. Þegar Kjartan var leiddur fram, var honum fenginn stóll rjett við grindurnar í þingsalnum; en við borðið sátu þeir Trallenberg málafærslumaður, sem var fyrir hönd Laurentiusar kaupmanns; á móti honum sat fógetinn við borðið. Allir áhorfendurnir stóðu í þyrpingu á gólfinu, og steinþögn var í salnum; menn litu á víxl, ýmist til Kjartans, sem var rólegur og alvar-

Digitized by Google

legur, eða þá til fógetans og Trallenbergs, er einnig voru með miklum alvörusvip.

Nú stóð fógetinn upp og mælti: Í rjettvísinnar nafni er rjetturinn settur.

Málafærslumaður Trallenberg stóð upp og mælti: Mjer er falið á hendur að skýra frá, í hverjum erindum vjer erum hjer saman komnir. Eins og flestum mun kunnugt stendur hjer þessi ungi maður Kjartan Ólafsson frá Brjámslæk á Breiðafirði grunaður um það, að hafa framið þjófnað nóttina milli þess 5. og 6. þ. mán. í búð húsbónda síns Laurentiusar kaupmanns; varð það með þessum atvikum: Kaupmaður Laurentius hafði gleymt kveldinu áður að loka niður hjá sjer 1000 krónur í gulli, er lágu raðaðar upp á púltinu í skrifstofunni. Morguninn eptir saknar hann strax peninganna, og þegar hann fer að gæta nákvæmar að, sjer hann að glugginn á skrifstofunni (sem sneri til suðurs) var ólokaður; er því mikið líklegt að sá, sem glæp þennan hefur framið, hafi opnað gluggann að utanverðu, og síðan komizt inn. Þennan sama morgun kom ekki Kjartan Ólafsson, sem er einn af verzlunarþjónum kaupmanns Laurentiusar, í búðina, eins og hann átti vanda til. Þegar Laurentius kaupmaður fór að tala um hvarf peninganna við sinn trúa þjón assistent Loppesen, þá segir hann honum, að hann ásamt heiðvirðum kaupmanni hjer í bænum, herra Dannemann, hafi sjeð Kjartan sofandi á tröppunum fyrir utan búðardyrnar, seint um þá nótt, er glæpurinn var framinn. Vaktari Ásbjörn Ásmundsson bar líka vitni um það, að hann hafi fundið Kjartan sofandi á tröppunum, að hann hafi borið hann heim sofandi, og afklætt hann, án þess Kjartan hafi vaknað. Þegar fógetinn sendi bæj-

Digitized by Google

arins trúu þjóna, lögregluþjónana Bjørn og Bang, til þess að koma með Kjartan upp á skrifstofu sína, til þess þar að verða yfirheyrður, þá kvaðst þessi ungi ógæfusami maður ekkert geta sagt af sjer, frá því hann hafði sofnað út af á legubekk hjá herra Loppesen kveldinu áður. Var þar viðstaddur kaupmaður Dannemann, og höfðu þeir þrír drukkið púns saman um kveldið. Hvernig stóð á því, að Kjartan Ólafsson fannst sofandi á tröppunum fyrir utan búðardyrnar, þar sem þjófnaðurinn var framinn? Það finnst mjer bera það augljóslega með sjer, að framburður hans sje ekki sannur, þar sem hann segist ekkert hafa vitað af sjer, frá því hann sofnaði út af á legubekknum hjá herra Loppesen, og þangað til hann vaknaði daginn eptir í sínu eigin rúmi. Mjer finnst það sjerlega grunsamt, að einmitt hann, sem þekkti svo vel til í búðinni, skuli einmitt þá sömu nótt finnast sofandi fyrir utan dyrnar. Freistingin hefur verið búin að lauma sjer inn í brjóst hins unga manns, að ná peningum húsbónda síns, og svo hefur tækifærið boðizt, þegar hann fór um nóttina úr húsi herra Loppesens. Þegar hann hefur verið búinn að drýgja glæpinn, má vera að bæði vínið og hans vonda samvizka hafi svo unnið á honum, að hann hafi sofnað þarna á tröppunum, svo gott sem í verkinu. Það er að vísu sorglegt, að vita ungan og efnilegan mann þannig ákærðan, og það því heldur, sem hann hefur haft tækifæri til að umgangast vænan og hámenntaðan mann, eins og herra Loppesen er. Jeg hef hjer ekki meiru við að bæta að sinni, en fulltreysti því, að rjettvísinni verði fullnægt.

Fógetinn: Hinn ákærði Kjartan Ólafsson hefur nú leyfi til að tala.

Digitized by Google

Kjartan: Eptir hina löngu og snjöllu ræðu herra Trallenbergs í rjettvísinnar nafni, skal jeg leyfa mjer að neyta rjettar míns, sem er, að segja frá því, hvað jeg veit eptir beztu samvizku minni í þessu alvarlega máli. Jeg viðurkenni það, að svo er vel um hnútana búið af þeim, sem vill steypa mjer í ógæfu, að sterk grunsemi hlýtur í fjótu bragði að falla á mig. Jeg get enga aðra upplýsingu gefið í þessu efni, nema þá einu, sem jeg með sáluhjálpareiði, hve nær sem vera skal, er fús til að staðfesta, og hún er sú, að kveldið áður en þessi þjófnaður var framinn í búð húsbónda míns, átti jeg erindi til herra Loppesens; var þar þá kominn kaupmaður Dannemann. Herra Loppesen bauð mjer að setjast niður, og að vörmu spori var púns borið á borðið. Settumst við síðan niður og töluðum um ýmsa hluti; þótti þeim herra Loppesen og Dannemann jeg vera næsta djarforður um verzlunina og kaupmenn á Íslandi. Þegar jeg hafði í hyggju að fara heim, bauð herra Loppesen mjer eitt glas að skilnaði. Eptir að jeg var búinn að drekka úr því glasi, seig á mig svo mikill svefn, að jeg vissi eigi af tilveru minni, fyr en jeg vaknaði daginn eptir í rúmi mínu. Ef mjer verður neitað um eiðinn, og jeg sakfelldur einungis eptir líkum, tel jeg mig óhamingjusamastan allra manna, en jeg treysti því, að einhverjar þær sannanir komi fram í þessu máli, er sanni sakleysi mitt.

Fógetinn: Herra assistent Loppesen, þjer gjörið svo vel og koma hjer fram sem vitni; jeg verð að áminna yður um, að þjer verðið einungis að segja sannleikann, já þann sannleika, er þjer getið fúslega staðfest með eiði.

Assistent Loppesen gengur fram, og fölnar

Digitized by Google

nokkuð í andliti, þegar honum verður litið til Kjartans. Jeg bevidna það, að Kjartan Ólafsson var hjá mjer kveldinu áður en peningarnir hurfu. Hann drakk púns með mjer og vini mínum Dannemann; öll hans samræða var mjög ópassandi fyrir einn dannaðan mann; rjett í því hann vildi fara heim til sín, bauð jeg honum eitt glas til afsked, og svo sofnaði hann út af á sófanum; bárum við hann síðan heim til sín, og lögðum hann sofandi á sófa heima hjá sjer, fórum síðan á brott, og gengum okkur spássertúr, Dannemann og jeg. Nokkru seinna gengum við fram hjá búð principal (húsbónda) míns, og sáum þá Kjartan liggja sofandi á tröppunum; við höfðum engan mistanka, hvað hann hefði bedrivið, og gengum því heim. Meira veit jeg ekki.

Fógetinn: Vill kaupmaður Dannemann viðurkenna hið sama, og staðfesta að þessi vitnisburður sje sannur.

Dannemann: Nattúrlegvísa, já.

Fógetinn: Eru hjer engin vitni, er af frjálsum vilja geti gefið nokkrar upplýsingar.

Guðríður vinnukona hjá herra Tjörnesen, þar sem Loppesen bjó, gengur fram að grindunum í mikilli geðshræringu; allir horfa á hana og verða hissa. Herra fógeti, þó jeg verði samstundis rekin úr vistinni, þá blöskrar mjer að sjá saklausan mann ákærðan; vondar eru manneskjurnar, en svona vondar hjelt jeg aldrei þær væru. Þetta kvöld, sem þeir Loppesen, Dannemann og Kjartan voru saman, heyrði jeg að þeir töluðu fremur hátt, svo jeg fór að dyrunum og horfði inn án þess, þeir yrðu varir. Þegar Kjartan stendur upp, og ætlar að fara, býður herra Loppesen honum eitt glas að skilnaði; en áður en Kjartan drakk úr því, hafði Loppe-

Digitized by Google

sen tekið einhverja dropa úr skáp í stofunni, og helti úr glasinu í glas Kjartans, án þess hann yrði var við það. Þegar Kjartan var búinn að drekka, sofnaði hann strax; heyrði jeg þá á orðum herra Loppesens við Dannemann, að það voru droparnir, sem höfðu svæft Kjartan. Síðan sagði Loppesen Dannemann frá peningum húsbónda síns, er lægju raðaðir upp á púltinu, 1000 kr. í gulli. Hann stakk upp á því, að þeir skyldu bera Kjartan á milli sín, og leggja hann sofandi á tröppurnar fyrir utan dyrnar, fara síðan að bakglugganum og ná peningunum. Þar Kjartan hefði verið þannig til reika, mundi grunsemin falla á hann; einnig skyldu þessir herrar koma fram sem vitni á móti honum, eins og nú er framkomið. Kjartan er alveg saklaus, þeir eru sekir.

Allir verða hissa; þeir Loppesen og Dannemann þegja, og eru mjög óróleglr á svipinn.

Fógetinn: Eru engin fleiri vitni, sem vilja koma fram?

Í því ganga tvær ungar meyjar vel búnar fram að grindunum. Allir eru forviða, því þessar meyjar voru þær ungfrú Ragnheiður Gunnarsdóttir frá Elliðavatni og Guðrún Eggertsdóttir dóttir landlæknisins í Reykjavík.

Ragnheiður: Þessi ungi maður, sem hjer situr ákærður, er saklaus (allir horfa til Ragnheiðar, sem talaði skýrt og hreint, og með þeirri kvennlegu einurð, sem sómir sjer svo vel, þegar góð kona getur frelsað hinn saklausa). Þetta sama kveld, sem Kjartan fannst sofandi á tröppunum fyrir utan búð húsbónda síns, vildi svo til, að jeg og vinkona mín, sem hjá mjer stendur, vorum á gangi saman, því veður var gott, og

Digitized by Google

var jeg hjá henni í kvanisferð. Á leiðinni mætum við þeim Loppesen og Dannemann, þar sem þeir bera Kjartan á milli sín. Guðrún, sem þekkti Kjartan strax varð bilt við, og sagði: guð hjálpi mjer, hvernig stendur á því, að Kjartan er þannig til reika. Gengum við síðan í humátt hægt á eptir og sáum, að þeir Dannemann og Loppesen fóru ekki heim, heldur rakleiðis til búðar Laurentiusar, og lögðu hann sofandi þar á tröppuna. Við gátum ekki skilið í þessu, og hugsuðum að hjer væri eitthvað bogið. Að því búnu sjáum við, að þeir fara að bakglugganum, Loppesen opnar hann, og kemur út aptur að vörmu spori. Dannemann, beið fyrir neðan á meðan. Í því þeir gengu burt, ganga þeir aptur að dyrunum, eins og til þess að sjá hvort Kjartan væri þar kyr; vorum við þá hinu megin við hornið á búðinni, svo þeir sáu okkur ekki. Heyrði jeg þá Loppesen tala þessi orð við vin sinn:

Det var en god Affaire. Ingen Spion har været i Nærheden. Jeg har de 1000 Kroner i Lommen; Kjartan bliver mistænkt for at være den skyldige.

[Þetta fór vel. Enginn njósnarmaður hefur verið í nánd. Jeg hef þessar 1000 krónur í vasanum; Kjartan verður grunaður um að vera sá hinn seki].

Að því búnu gengu þeir heim. Við fórum og sögðum vaktaranum frá, hvar Kjartan var, og beiddum hann að hjálpa honum heim.

Þennan vitnisburð getum við báðar staðfest með eiði.

Allir voru forviða, og gleðin skein út úr hvers manns andliti, yfir því, að nú var búið að sanna sakleysi Kjartans.

Fógetinn: Það gleður mig af hjarta ungi efni-

Digitized by Google

legi maður, að nú er það framkomið í þessu alvarlega máli, að þjer sjeuð alveg saklaus. Þjer getið því gengið hjeðan í burtu með þann bezta fjársjóð, er nokkur maður á, sem er gott mannorð og óflekkuð samvizka. Hamingjan fylgi yður, og gæfan forði yður frá því, að komast aptur í slíkan fjelagsskap.

Kjartan gekk út, og með honum þær Guðrún og Ragnheiður, sem fögnuðu honum vel. Þetta var í fyrsta sinn, er þau sáust Kjartan og Ragnheiður Gunnarsdóttir frá Elliðavatni.

Fógetinn: Fyrst þetta er framkomið í þessu máli, að Kjartan er saklaus, verð jeg samkvæmt embættisskyldu minni, að láta setja þá tvo dánumenn í varðhald, þangað til rjettvísinni verður fullnægt.

Að því búnu voru þeir leiddir inn í varðhaldið og rjetturinn hafinn.

Alvara lífsins og mótlæti þess.

Þó svo væri nú komið, eins og vjer höfum skýrt frá hjer að framan, að vinur vor Kjartan var búinn að sanna sakleysi sitt, þá lá honum næsta þungt á hjarta þessi raunasaga hans. Hann fann það of vel með sjálfum sjer, að þessi tími, er hann hafði eytt í sölubúð Laurentiusar, hafði orðið honum næsta óheillasamur. Vinur hans Tryggvi var fjarlægur, en nú hafði hann á svo einkennilegan hátt fengið nýjan vin, þar sem var Ragnheiður systir Tryggva; hitti hann hana einstöku sinnum í hinu siðprúða húsi Dr. Eggerts Ólafssonar, og fannst honum jafnan mikið til hennar í hvert skipti, er hann sá hana.

Eitt var það, er Kjartan aldrei vanrækti, og það var, að skrifa foreldrum sínum einkum móður

Digitized by Google

sinni; gleymdi hann þá aldrei að lýsa öllu því, sem honum lá þungt á hjarta, og sendi móðir hans honum mörg huggunarorð í brjefum sínum. Þannig leið tíminn; vildi þá svo til, að megn veikindi gengu um allt suðurland, einkum í sjálfri Reykjavík; var það megn taugaveiki, og dó úr henni fjöldi fólks, þar á meðal einn úr vinaflokki Kjartans, sem var mjög syrgður, það var Dr. Eggert Ólafsson. Svo fór að Kjartan varð hættulega veikur, og var fluttur á spítalann í Reykjavík. Þó honum væri þar hjúkrað, eins og föng voru á, átti hann þar þó marga alvarlega einverustund. Dætur doktorsins heimsóttu hann af og til, en nú voru þær sorgbitnar yfir dauðar síns góða föðurs, svo það var eðlilegt, þó að þær eigi gætu komið eins opt eins og þær annars mundu hafa gjört. Kjartan veiktist meir og meir, og þegar hann var sem þyngst haldinn, bættist sú sorg ofan á veikindin, að hann fjekk brjef frá föður sínum er hljóðaði þannig:

Brjámslæk 15. maí 18 . .

Elskaði son,

Af seinasta bjefi þínu sje jeg, að þú ert orðinn veikur, og getur þú vel ímyndað þjer, hversu mikla sorg það hefur valdið okkur foreldrum þínum, einkum þinni góðu móður, sem sjálf var orðin veik, þegar við fengum brjef þitt. Kæri son, nú er jeg sjálfur svo dapur af sorg, að jeg naumast treysti mjer til, að skrifa þjer þessar línur. Jeg verð að biðja þig að taka á móti þeirri sorgarfregn, er jeg nú færi þjer, með stillingu og þolinmæði, og lát þitt trúarljós svo skína í sorgarinnar myrkri, að þú sjáir þá huldu hönd, sem stýrir eins í mótlæti sem meðlæti. Mín ástkæra kona, þín elskulega móðir er horfin í burtu frá oss. Hún sendi

Digitized by Google

þjer sína ástarkveðju, þó henni eigi hlotnaðist sú gleði að kveðja þig. Hennar síðustu orð til þín voru þessi: gleymdu ekki trúnni, voninni og kærleikanum. Láttu þessi orð hugga þig kæri son.

Jeg get ekki meira í þetta sinn.

Þinn elskandi faðir,

Ólafur Eggertsson.

Þegar Kjartan var búinn að lesa brjef þetta, er færði honum þá þyngstu sorgarfregn, sem honum gat mætt, var hann eins og gagntekinn af sorg og mælti þessi orð við sjálfan sig: «Mín elskulega móðir er farin á burt, áður en jeg fjekk að sjá hana. Nú er hið einasta hjarta, sem jeg átti, orðið kalt, sú einasta hönd, sem af hreinum kærleika opt hafði vafið mig að sínu brjósti, er nú stirðnuð, já hin einasta vera, sem elskaði mig mitt í öllum mínum syndum, hún er horfin, og það án þess jeg fengi að sjá hana eitt einasta augnablik. Jeg græt og kalla elskaða móðir, þó þú sjert nú kominn í himininn, þá heyrðu mitt sorgarkvein. Kom þú til mín, og legðu enn þá einu sinni hendurnar um hálsinn á mjer, lofaðu mjer enn þá einu sinni, að halla mjer upp að brjósti þínu. Láttu mig, elskaða móðir, finna aptur fjársjóðinn, er þú gafst mjer». Í þessu líður yfir hann svefn, og dreymir hann þá, að honum finnst að móður hans koma til hans; gengur hún hægt að rúminu þar sem hann lá í, hallar sjer ofan að honum, og umfaðmar hann með innilegri blíðu í því hún segir við hann þessi orð: elskaði son, þú skalt aptur finna trúna, vonina og kærleikann; að því búnu hvarf hún. Kjartan lá eins og í þungum dvala, sveitinn draup af andliti hans; þegar hann vaknaði, fann hann til mjúkrar handar, er

Digitized by Google

leið þýðlega yfir enni hans; í því hann lauk upp augunum sá hann fríða mey standa við sæng sína, það var hún, sem var að þurka sveitann úr andliti hans; hún leit til hans með innilegri blíðu. Þessi kvennmaður var engin önnur, en Ragnheiður Gunnarsdóttir frá Elliðavatni.

Kærleikans ljós.

Kærleikurinn er líf, trú, von og framkvæmd; hans afl er ómælanlegt, hans kraptur ótæmandi, hans ljós er svo skært, að allt myrkur hlýtur að hverfa. Fyrir hið mannlega hjarta er hann líkur sólarylnum fyrir hin fögru blóm — hann ber í skauti sjer þá ómenguðu gleði og fegurð, og sameinar öll hin mörgu blóm gæfunnar í eitt dýrindis knippi. Hver er svo viltur á lífsins leið, að skopast að slíku hnossi? hver er svo kaldur, að hann ekki vilji finna hans áhrif? Hver er svo hugsunarlaus, að taka ekki eptir verkunum hans?

Þegar Ragnheiður var búin að þurrka svitann af andliti Kjartans mælti hún blíðlega: Eruð þjer ekki neitt betri; jeg fjekk að vita hjá vinkonu minni, Guðrúnu Eggertsdóttur, að þjer væruð orðinn veikur, og beiddi hún mig, að koma til yðar hjer á spítalann og veita yður alla þá hjálp, sem mjer væri unnt; jeg er nú hjer komin til þess að vita, hvort jeg eigi get veitt yður neina aðstoð.

Kjartan, sem varð dálítið hressari við svefninn og drauminn, þakkaði henni mikillega, og fór nú að minnast á vin sinn, bróður hennar, Tryggva; samræða þeirra í þetta sinn var ekki löng, því Kjartan var enn þá svo veikur, að hann mátti varla mæla. Þegar Ragnheiður var farin í burtu, var eins og hann gæti

Digitized by Google

varla áttað sig. Sorgin í hjarta hans var eins og búin að fá einhverja óskiljanlega linun; honum fannst eins og móðir sín hefði sent sjer einhvern góðan engil, þar sem Ragnheiður var. Upp frá þessari stundu stóð hún jafnan fyrir hugsjón hans, eins og góður verndarengill, einkum þegar honum kom til hugar, hvernig hún hafði frelsað hann, þegar hann sá hana í fyrsta sinni, og þar næst hvernig hún seinna varð til þess að hugga hann og styrkja hann í veikindunum. Það leið ekki á löngu, þangað til Ragnheiður kom aptur, og færði honum nýmjólk frá Elliðavatni, er styrkti hann. Smátt og smátt fór Kjartani að batna, og með degi hverjum fann hann sig styrkari. Samræður hans og Ragnheiðar fóru að verða lengri og innilegri; eptir því sem þau kynntust betur, eptir því jókst vinátta þeirra; þannig liðu dagarnir þangað til Kjartan var orðinn nær því albata. Það var einn dag, þegar hjer er komið sögunni, að læknarnir voru nýfarnir frá Kjartani, höfðu þeir gefið honum leyfi til, að nú mœtti hann fara út af spítalanum næsta dag. Þennan dag kom Ragnheiður að vanda sínum, og segir Kjartan henni frá, að læknarnir hefðu gefið sjer fararleyfi, gladdist Ragnheiður yfir þeirri fregn, og leit á hann með hinum dökkbláu, blíðu augum; Kjartan leit til hennar og sagði: það er jeg viss um Ragnheiður mín, ef hin góða forsjón ekki hefði sent þig til mín, þá væri jeg eigi þar, sem jeg nú stend, þá væri jeg líklega kominn til minnar ástkæru móður. Þegar jeg heyrði lát hennar, langaði mig til að deyja, nú langar mig til að lifa. Það er einmitt þú, sem hefur vakið þessa von í brjósti mínu, það er einmitt þú, sem hefur fært mjer aptur dýrgripi

Digitized by Google

þá, er móður mín gaf mjer. Jeg er líka sannfærður um, að trúin reynist eins og gullið í eldinum, vonin lætur ekki til skammar verða, og kærleikurinn sigrar allt». Í því gekk Kjartan til hennar, lagði armlegg sinn um háls henni, og kysti hana; Ragnheiður sagði ekki neitt, en hún leit til hans með þeim svip, og því augnatilliti, sem ekki gat misskilizt. Þau stóðu þarna tvö ein, og þurftu ekki að skammast sín. Trúin, vonin og kærleikurinn blessuðu þessi helgu augnablik, því þau voru trúlofuð.

Á þessari sælu stundu, rjett í því, að þau voru að skilja, er barið upp á dyrnar, og þau vita ekki fyr en Tryggvi og unnusta hans ganga inn. Tryggvi var þá nýkominn með enska gufuskipinu «Framfara»; hafði hann strax farið að finna unnustu sína Guðrúnu, og hún stungið upp á því, að þau skyldu ganga ofan á spítalann, og finna Kjartan; þau hittu þá svona vel á, því þau Tryggvi og Guðrún fengu strax að vita um trúlofun Kjartans. Vjer getum betur ímyndað oss, en með orðum lýst fagnaðarfundi þessara vina vorra — gleði Tryggva og unnustu hans yfir trúlofun þeirra Kjartans og Ragnheiðar. Sorgin með sínum bitru tilfinningum var nýlega búin að snerta bæði Kjartan, sem hafði misst móður sína, og Guðrúnu, sem búin var að missa föður sinn. Nú var eins og gleðin og gæfan gjörðu sjer að skyldu, að koma ómenguð inn í þessi óspilltu hjörtu. Um leið, og vjer stöndum eitt augnablik við, finnst oss eiga vel við, að minnast hinna fögru orða skáldsins:

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,
því táradöggvar falla stundum skjótt,
og vinir berast burt í tímans straumi

Digitized by Google

og blómin fölna á einni hjelunótt;
því er oss bezt að forðast raup og reiði
og rjúfa hvorki tryggð nje vinarkoss,
en ef vjer sjáum sólskinsblett í heiði,
að setjast allir þar og gleðja oss.

Kjartan kemur að Elliðavatni.

Það má geta nærri, að það beið ekki lengi, þangað til Kjartan heimsótti unnustu sína á Elliðavatni. Það var eitt fagurt sumarkveld, að þeir Tryggvi og hann riðu þangað úr Reykjavík. Þegar þeir komu upp á Öskjuhlíð, sló eins og gullnum roða yfir allt himinhvolfið, var það af kveldsólinni, sem þá átti litla stund eptir að hníga í æginn. Faxaflói var spegilfagur eins og í einhverju yndislegu dái. Kjartani varð litið á sinn forna vin Snæfellsjökul, og fannst honum eins og gamli karlinn með hvíta skallann væri að senda sjer lukkuósk. Ef vjer hefðum getað litið inn í hjörtu vorra ungu vina, þá hefðum vjer eigi annað getað en glaðst yfir þeirra gæfu, og ósjálfrátt hugsað um þá fögru framtíð, er lá fyrir framan þá. Það var eins og þeir væru nú byrjaðir á nýjum lífsstarfa, því kærleikurinn veitir afl og þrek til allra drengilegra fyrirtækja. Þeir töluðu um, hvernig þeir helzt og bezt mundu sameiginlega geta unnið fósturjörðu sinni gagn. Tryggvi, sem var nýkominn heim með góðum orðstýr frá Skotlandi, gat þess, að Slimon vinur sinn hefði lofað að veita sjer styrk til að koma upp íslenzkri verzlun í Reykjavík. Laurentius kaupmaður, sem var hníginn á hinn efra aldur, langaði til kjötkatlanna í Kaupmannahöfn; þótti því Tryggva tiltækilegast að kaupa verzlun hans, og byrja þar verzlun sjálfur; en

Digitized by Google

með því Slimon kaupmaður hafði þegar í sameiningu við vini sína á norðurlandi stofnað hið nýja brezka-íslenzka gufuskipafjelag, þá þurfti hann að hafa mann í Reykjavík, er tæki á móti skipum fjelagsins og afgreiddi þau; gjörði hann því ráð fyrir, að bjóða Slimon þjónustu sína, þar sem hann væri honum svo vel kunnugur. Þetta sagði hann að Slimon mundi afgjöra, þá hann kæmi með gufuskipinu «Framfara» í sumar. Sagðist Tryggvi þá mundi setja mág sinn sem verzlunarstjóra fyrir sig í Reykjavík, og má nærri geta, að Kjartan tók því máli vel. Gladdist hann yfir því, að losast úr hinum ófrjálsa dróma, sem hann hafði verið í hjá Laurentiusi kaupmanni. Þannig töluðu þessir góðu vinir um framtíðina, á meðan reiðskjótarnir skeiðuðu hægt inn eptir veginum. Brátt stíga þeir af baki á Elliðavatni, þar sem unnusta Kjartans og foreldrar hennar fögnuðu þeim vel. Um kveldið gekk Kjartan með unnustu sinni ofan að vatninu, minntist hann þá á gæfu sína, og sannarlega voru þau bæði gæfusöm. Það er ávalt fagurt, að sjá ungan karlmann og kvennmann útausa sínum saklausu hjörtum í kærleikans friði og ró — það er eins og náttúran sjálf taki stundum þátt í þessari mannlegu sælu; í það minnsta gjörði hún það í þetta skipti, því friður og ró var hvervetna í kring um elskendur vora. Í því sólin hneigði sitt tignarlega höfuð, var eins og hún væri að kveðja sælufullan dag, og vissulega var þetta gæfusamur dagur, sem nú var að líða fyrir þeim Kjartani og Ragnheiði. Þegar þau gengu heim minntust þau hinna fögru orða skáldsins:

Svo hefur mína sálu kætt
sumarröðull engi,

Digitized by Google

er sem heyri eg óma sætt
engilhörpu strengi.

Brúðkaup þeirra Kjartans og Tryggva.

Vjer höfum áður minnst þess, að Gunnar bóndi á Elliðavatni var vel fjáður; hann var þar að auki hinn mesti rausnarmaður, og líktist í því mörgum af hinum fornu höfðingjum. Dr. Eggert Ólafsson hafði líka verið ríkur. Var nú áformað að brúðkaup þeirra Kjartans og Tryggva skyldi verða haldið að áliðnu sumri. Tryggvi skrifaði sínum fyrverandi húsbónda, herra Slimon, og beiddi hann um, að veita sjer þá ánægju, að sitja í brúðkaupi þeirra; lofaði Slimon því. Það vildi líka svo vel til, að 3 af hinum brezku gufuskipum, sem heyrðu til hinu brezka- íslenzka gufuskipafjelagi, áttu einmitt að koma til Reykjavíkur um það leyti, er brúðkaupið skyldi haldast. Gufuskip þessi hjetu «Framfari», «Ísland» og «Reykjavík». Með því húsakynni voru ekki nógu stór á Elliðavatni, var það áformað, að fá hinn veglegasta sal, sem þá var til í Reykjavík, til veizlunnar.

Það var einn dag í miðjum september árið 18.., að boðsfólkið reið ofan í Reykjavík. Veður var hið fegursta. Gufuskipin «Framfari», «Ísland» og «Reykjavík» lágu öll á höfninni; þau lágu þannig, að þau mynduðu þríhyrning, myndaði «Framfari» oddann á þríhyrningnum, en «Ísland» og «Reykjavík» lágu til beggja hliða. Öll skipin voru prýdd með allavega litum fánum, sem náðu frá einu mastri til annars, og frá möstrunum út á báða stafna. Framan á hverju bugspjóti var gyllt stöng, og á hverri þeirra blakti stór fáni blár með hvítum fálka í miðjunni. Aptur af hverju skipi, voru hvítar stangir, og blakti á þeim hið enska

Digitized by Google

þjóðflagg. Um hádegisbil fóru gestirnir að safnast saman í stórum sal, sem var fyrir framan veizlusalinn, voru þar um 100 manns. Voru þar samankomnir margir sveitarhöfðingjar með konum sínum og dætrum. Kvennfólkið var allt á hinum nýja skautbúningi; hinar ungu meyjar allar á hvítum kyrtlum. Brúðgumarnir voru búnir að fornum sið, í skrautlegum skikkjum, og fylgdu þeim 12 brúðarsveinar, er allir voru á skikkjum og eins klæddir.

Allt í einu heyrðist fjörugur lúðraþytur frá Austurvelli (sem er ferskeyttur völlur mitt í bænum). Komu svo brúðirnir báðar ofan bakarastíginn. Þær voru á hvítum kyrtlum, og svo vel búnar, sem framast mátti verða. Brúðarblæjunni, er hver þeirra hafði, var slegið aptur fyrir höfuðið, og hjeldu sex brúðarmeyjar í endann á hverri. Öllum bar saman um það, að fríðara föruneyti hefði eigi sjezt í Reykjavík. Nú gengu brúðgumarnir samhliða til kirkju, og á eptir þeim hinir 12 brúðarsveinar, síðan allt boðsfólkið á eptir. Það má geta nærri, að kirkjan, eins og hún á vanda til við slík tækifæri var troðfull af fólki. Þegar allt fólkið var komið í kirkjuna, og sunginn var sálmurinn á undan, hjelt presturinn snjalla ræðu. Þegar út var gengið úr kirkjunni, var leikin hin nafnkennda brúðkaupsganga (March) eptir Gounod. Þegar veizlusalurinn var opnaður, var hann allur tjaldaður innan. Fyrir öllum gaflinum, sem sneri á móti dyrunum, var klætt með himinbláum dúk, og í miðjunni á honum var útsaumuð með hvítum silkitvinna «Ísafold» eins og hún er á hinni nafnfrægu þúsundáramynd Gröndals; fyrir neðan myndina voru útsaumaðir stafir, úr hvítu silki, og voru það þessi fögru orð skáldsins:

Digitized by Google

Vertu okkar forna frón
faldið jökli ár og sið,
æ, hin sama undursjón
eins og fyrst á landnámstíð.

Með báðum hliðum á veizlusalnum var einnig tjaldað og prýtt með ýmsum skjaldarmerkjum. Fyrir miðjum gafli sátu brúðhjónin, og svo út frá þeim á báða vegu kvennfólkið, en karlmennirnir á móti, hinumegin við borðið; var gestunum þannig raðað niður, að hver gipt kona sat á móti manni sínum, og hinar ungu meyjar á móti hinum ógiptu karlmönnum, er frammistöðumennirnir röðuðu niður; var þetta gjört til þess, að bregða út af hinum gamla vana, auk þess sem þetta leit miklu betur út. Rjett á móti brúðhjónunum, hinumegin við borðið, sat herra Slimon frá Skotlandi; er það sæti vanalega fyrir heiðursgesti; fyrir aptan stól hans var dálítill pallur; er sá pallur handa skálameistaranum, þegar hann tilkynnir gestunum, hvaða skál skuli drekka, og hver skuli mæla fyrir henni. Borðin voru öll fagurlega prýdd með allskonar blómskúfum, eins og tíðkast á Englandi, og rjettirnir og vínin hin beztu, sem föng voru á.

Þegar allir gestirnir voru seztir og höfðu borðað fyrsta rjettinn, gekk Gunnar bóndi á Elliðavatni upp á pall þann, sem vjer höfum lýst hjer að framan, og sem stóð fyrir aptan stól herra Slimons. Gunnar var skálameistari (toastmaster), sem menn kalla á Englandi. Kallaði hann upp með hárri röddu: «Hinir heiðruðu gestir gjöra svo vel, að hella í glös sín, því sjera Eyvindur Tryggvason frá Þingvöllum ætlar að mæla fyrir brúðhjónanna skál». Að svo mæltu stóð sjera Eyvindur upp og mælti:

Digitized by Google

«Þegar hinn ungi æskumaður tekur sjer fyrir hendur eitthvert stórt og veglegt fyrirtæki, sem getur orðið til gagns og nota fyrir mannkynið, til sóma fyrir hann sjálfan og fósturjörð hans, þá eru allir vandaðir menn, sem árna honum góðs, og óska honum til heilla og hamingju; ef þetta er tilfellið með hinn einstaka, hversu miklu framar skyldum vjer þá ekki, sem hjer erum saman komnir við þetta hátíðlega tækifæri, einnig óska alls vegs og sóma hinum ungu brúðhjónum, sem nú hafa tekið sjer fyrir hendur eitthvað hið veglegasta fyrirtæki mannlífsins. Þegar brúðhjónin líta á þann tíma, sem liðinn er, það er að segja á þann stutta tíma, sem þau hafa þekkt hvort annað, sjá þau ekkert annað en kærleikans ljós; þegar þau líta fram undan sjer, inn í þá ókomnu tíð, sjá þau heldur ekki annað en kærleikann, sem á að lýsa þeim á hinum ófarna vegi. Vegurinn er reyndar óljós, því engum er það unnt, að sjá svo langt fram í hina óliðnu tíð, að hann geti sagt, svona skal jeg vera alla leiðina, eða þarna skal jeg enda brautina. Tilfelli lífsins eru óteljandi, stríðið misjafnt, gleðin margbreytt. Ýmsir skuggar geta svo villt sjónir jafnvel fyrir hinum ósmeika vegfaranda, að hann eigi finni þá rjettu braut aptur. Eitt er samt víst, að hver þau brúðhjón, sem skilja alvöru lífsins rjett, sem hafa það jafnan hugfast, að hin almáttuga forsjón er jafnan í og með í hverju góðu verki, þau láta aldrei neina skugga lífsins svo villa sjónir fyrir sjer, að þau missi þá rjettu braut, þá braut, sem allir góðir menn eiga að feta til þess, að nálægjast hið mikilsvarðandi takmark. Jeg er viss um, að vjer allir erum sannfærðir um, að þessi ungu brúðhjón muni hafa þetta hugfast, og því getum vjer þess

Digitized by Google

heldur glatt oss yfir því, að þau einmitt hafa það með sjer, og í sjer, sem er hið eina nauðsynlega á lífsins ókunnu braut. Vjer óskum þess af öllu hjarta, að trúin styrki þau, vonin gleðji þau, og kærleikurinn blessi öll þeirra störf. Að svo mæltu vil jeg biðja yður að drekka brúðhjónanna skál».

Rjett í þessu heyrðust fallbyssuskot frá hinum brezku-íslenzku gufuskipum, sem lágu á höfninni. Skutu þau 27 skot brúðhjónunum til heiðurs.

Þar næst beyrðist skemmtilegur lúðraþytur, og svo söngur.

Síðan gengur Gunnar bóndi í annað sinn upp á pallinn og hrópar eins og fyrri: «Hinir heiðruðu gestir gjöra svo vel, og hella í glös sín, því heiðursgestur vor í þessu samsæti, herra Richarð Slimon frá Skotlandi, ætlar að mæla fyrir Íslands skál».

Herra Slimon stóð upp og mælti:

«Ladies and Gentlemen.

I consider it a great favour and honour to have that duty allotted to me, to respond to the toast of your noble country. — Moreover on this auspicious occasion, I deem it a fair opportunity to say a few words as regards the progress and trade of this land. — I feel sure, you expect to hear some remarks from me upon this subject, more especially as I have lately engaged myself in commercial intercourse with your country, which I trust may annually increase and extend. If I vere to mention, all the channels for trade, or enumerate the various resources of Iceland, I should certainly trespass too much upon your time this evening. I cannot however refrain from making some observations, which have struck me. As yet your

Digitized by Google

trade is fettered by many unnecessary restrictions, the true spirit of free trade and commercial enterprise is as yet dormant. Your commercial horizont is so limited, that you have hitherto almost fancied, that no country but Denmark could supply your wants.— Your merchants are more or less connected with your country, merely by the idea of gain; their real interest and their heart so to speak is far from Iceland. — May I ask, what monuments have they left behind, which may prove their generosity of mind and show their interest as to the welfare and material progress of your country? — Where are the schools or charitable institutions they have built? Where are the docks they have erected? Where are the farms they have helped to cultivate or extend? Where are their steamers which run continually from one bay to another? In what line does their commercial enterprise show itself? — Are not most of their shops as miserable and dirty as they ever have been? Their signbords ought to be marked in large letters with the word «Stagnation» Do they not import almost the same patterns of goods year after year? Do they ever advertise any article they vant to sell? — Do they not wish to keep every thing in the old fashion style; although they are almost dazzled by the enterprise and skill of other nations? Why have you only certain part of the year steam-communication with Denmark and Scotland, and why does your mail steamer never touch the country of your old kinsmen the Norwegians? Your postal service ought naturally to go via England, and by having it only direct to Scotland, you would have so many more trips every year. — Surely this proves what our old

Digitized by Google

poet said: that there is something rotten in the state of Denmark. — I admit, this state of things is partially your own fault. — Your own sluggishness prevents you making any steps forvard. You do not understand, how to keep sufficiently together. You are always suspicious, even of your own men. — Yet who shall push your country forward but yourselves. Rely on yourselves, and do your utmost to enter into commercial intercourse with Great Britain. — Great Britain has everything you want, Great Britain can supply you with money, and money you know yourselves is «afl þeirra hluta sem gjöra skal». Since Englishmen and Scotsmen commenced to open a new trade with Iceland, a new source of wealth has been opened to the country. — You have found a market for your sheep and horses, and what have we brought you in return? We have brought you hard cash, the very article you stand so much in need of. Who has opened the traffic in sulphur? Who but the hardy Scotsman, who can brave your severe climate without grumbling, for no effeminate blood runs through his veins, nor has the dissipation of the large town made him unfit for all manly work. You cannot but welcome those men and wish them success. I am indeed glad, that I have now appointed my friend Tryggva Gunnarson of Elliðavatn as agent for our new steamship-service, and when I look round this illustrious assembly, when I behold so many fine and manly men, so many fair and beautiful ladies, I feel sure, that nothing but the opportunity is wanted, to make you take your share in the business of active life. — Have it always before your mind, that God helps those,

Digitized by Google

who help themselves. — Try and do your utmost to banish away your greatest enemy which is idleness; above all things let no man discourage you. — Do not listen to those false ideas, that your country is not fit for habitation. Iceland has inexhaustible resources, if you will only make use of them; send your young men to Great Britain to learn business, and not far distant in the future, you will have commercial schools of your own, where your young men will not only learn real business, but will ever remember to love and honour their native land. — May the time be drawing near, when this Great Saga land shall rise and be able to join its wealthy neighbour Great Britain in all manly and noble undertakings. — May all your sons be inspired with great and noble deeds, and may Providence pour her choicest blessings over old Iceland.

Íslands skál! (prolonged cheer).

(Ræða herra Slimons á íslenzku).

Mínir heiðruðu herrar og frúr.

Jeg álít það mikla sæmd og sjerstakan heiður, að hafa það skylduverk á hendi, að mæla fyrir skál yðar göfuga lands. Við þetta tækifæri, verð jeg einnig að álíta hentuga stund, til að tala fáum orðum um framfarir og verzlun þessa lands. Jeg er einnig sannfærður um, að þjer væntið að heyra frá mjer nokkrar athugasemdir viðvíkjandi þessu efni, einkum og sjer í lagi af þeirri ástæðu, að jeg sjálfur nýlega hef byrjað verzlun við yðar land, sem jeg vona, að árlega muni blómgast og fá meiri og meiri vöxt og viðgang. Ef jeg ætti að minnast á allt það, er getur aukið verzlunina, eða telja upp allar þær auðsuppsprettur, er Ísland hefur í sjer fólgnar, mundi jeg vissulega eyða of

Digitized by Google

miklum tíma af þessu kveldi; þó get jeg ekki látið vera, að fara nokkrum orðum um ýmislegt, sem sjerstaklega hefur vakið eptirtekt mína. Enn þá er verzlun yðar bundin mörgum ónauðsynlegum tálmunum. Hinn sanni-andi frjálsrar verzlunar er enn þá ekki vaknaður. Yðar sjóndeildarhringur er svo takmarkaður, að þjer hingað til hafið ímyndað yður, að ekkert land, nema Danmörk, gæti útvegað yður nauðsynjar yðar. Yðar kaupmenn eru meira eða minna tengdir yðar landi af eintómum gróðahug; en áhugi þeirra og hjarta er langt í burtu frá Íslandi. Má jeg spyrja, hvar eru þau minnismerki, er þeir hafa látið eptir sig, sem geta sannað örlyndi þeirra, eða borið vott um það, að þeir sýni áhuga sinn fyrir velferð og verklegum framförum yðar lands? Hvar eru skólar þeir eða velgjörðastofnanir, er þeir hafa byggt? Hvar eru skipadokkurnar, er þeir hafa látið búa til? Hvar eru búgarðarnir, er þeir hafa hjálpað til að yrkja? Hvar eru gufuskip þeirra, er fara frá einum firði til annars? Á hvaða hátt sýna þeir dugnað sinn í verzlunarlegum fyrirtækjum. Eru ekki flestar af búðum þeirra eins leiðinlegar og óþrifalegar, eins og þær hafa verið. Á skiltunum fyrir ofan búðardyr þeirra ætti að standa orðið »stýflun« prentað með stórum bókstöfum. Auglýsa þeir nokkurntíma vörur þær, er þeir óska að selja? Óska þeir ekki helzt, að halda öllu í hinu gamla horfi, jafnvel þó þeir hefðu fulla orsök til, að þeim svimaði fyrir augum, þegar þeir virða fyrir sjer framför og atorku annara þjóða; hvers vegna er póstskip yðar látið fara á milli Danmerkur Skotlands og Íslands einungis nokkurn part af árinu? og því kemur það aldrei við hjá frændum yðar í Norvegi? Póstferðir yðar ættu eðlilegast, að vera einungis á milli Skotlands og Íslands,

Digitized by Google

því með því fengjuð þjer miklu fleiri ferðir á ári. Sannar ekki allt þetta, sem skáldið sagði; að það væri eitthvað rotið í Danmerkur ríki. Jeg játa það, að mikið af þessu er yðar eigin sljóleika og hirðuleysi að kenna, og þess vegna getið þjer ekki komizt neitt á veg. Þjer skiljið ekki, hvernig þjer eigið að halda hóp, og verða samtaka. Þjer eruð ávallt fullir af tortryggni, jafnvel við yðar eigin menn; og hver á þá að hjálpa landi yðar áfram, ef þjer ekki sjálfir gjörið það. Þjer eigið að treysta sjálfum yður, og gjöra allt, sem í yðar valdi stendur, að komast í verzlunar-viðskipti við Bretland hið mikla. Bretland hefur allt það, er þjer þurfið við. Frá Bretlandi fáið þjer peninga, og peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Síðan Englendingar og Skotar byrjuðu nýja verzlun við Ísland, hefur ný auðsuppspretta verið opnuð fyrir landið. Þjer hafið fundið nýjan markað fyrir hesta yðar og fje, og hvað höfum vjer fært yður aptur? Vjer höfum fært yður beinharða peninga, sem er einmitt sú vara er þjer þarfnist mest. Hver hefur byrjað hið nýja brennisteinsnám? Hver, nema hinn ötuli Skoti, sem getur þolað yðar harða loptslag, án þess að nöldra eða kvarta, því ekkert aumingja blóð rennur í gegnum æðar hans, ekki heldur hefur óreglusemi eða slark hinnar stóru borgar gjört hann óhæfilegan fyrir alla karlmannlega vinnu. Þjer getið eigi annað en óskað slíkum mönnum allrar hamingju, og beðið þá velkomna. Það eykur mjer sannarlega gleði, að jeg hefi útvalið vin minn herra Tryggva Gunnarsoon frá Elliðavatni, til þess að vera agent, eða forstöðumaður fyrir voru nýja gufuskipafjelagi. Þegar jeg lýt yfir þetta göfuga samsæti, þegar jeg virði fyrir mjer svo marga göfuga

Digitized by Google

og kröptuga menn, og svo margar fríðar konur, þá er jeg sannfærður um, að yður vantar ekkert nema tækifærið til þess, að taka þátt í störfum lífsins. Hafið það jafnan stöðugt fyrir augum yðar, að guð hjálpar þeim, er hjálpa sjer sjálfir. Gjörið allt sem í yðar valdi stendur til þess, að reka á brott yðar versta óvin, sem er iðjuleysið. Umfram allt látið engan mann draga úr yður hug nje dug; skeytið ei um þá villu, að land yðar sje óbyggilegt. Ísland hefur í sjer fólgnar óþrjótandi auðsuppsprettur, ef þjer einungis viljið nota þær. Sendið þjer yðar ungu menn til Bretlands, til þess að læra til verzlunar, og þess mun ekki mjög langt að bíða að þjer getið stofnað yðar eigin verzlunarskóla, þar sem yðar ungu menn munu ekki einungis læra hina rjettu verzlunaraðferð, heldur einnig munu ávallt muna eptir því, að elska og heiðra sína fósturjörð. Vjer óskum þess, að sá tími megi nálægjast, þegar þetta mikla söguland skal komast á veg, og verða fært um að sameina sig sínum auðuga nábúa, Bretlandi, í öllum dugandi framförum og fyrirtækjum. Vjer óskum því, að allir synir Ísafoldar verði hrifnir af þeim anda, er hvetur til allra góðra verka, og að endingu viljum vjer biðja hina alvísu forsjón, að úthella sínum ríkustu náðargjöfum yfir gamla Ísland.

Íslands skál!

Í þriðja sinn veik Gunnar á Elliðavatni sjer upp á pallinn og hrópaði: «Hinir heiðruðu gestir gjöra svo vel að hella í glös sín, því Ólafur bóndi á Brjámslæk ætlar að mæla fyrir kvennanna skál». Að svo mæltu stóð Ólafur bóndi upp og talaði þannig:

«Um leið og leyfi mjer að mæla fáein orð fyrir þessu minni, datt mjer eitt í hug, sem mjer finnst, að

Digitized by Google

mikið eigi skylt við þetta mál. Það er hreifing sú, sem nú er farin að vakna upp meir og meir hjá öllum hinum menntuðu þjóðum; það er viðvíkjandi menntun og jafnrjetti kvenna. Eins og í fleiru höfum vjer verið langt á eptir tímanum í þessu efni. Hver vill fara að telja upp alla hina miklu raunasögu kvennfólksins, þegar vjer karlmennirnir höfum verið að skamta þeim úr hnefa þau rjettindi, sem vjer höfum álitið að vjer gæfum þeim af einstöku göfuglyndi; að fara telja upp mörg dæmi, til að sanna þetta, mundi taka oflangan tíma í þetta sinn. Á seinni árum hefur samt, sem betur fer, vaknað hjá oss einhver sómatilfinning, með tilliti til menntunar kvenna. Kvennaskólar eru farnir að koma upp. Hverjum er skyldast, að styðja þessar fögru stofnanir? Mjer er, sem jeg sjái það á öllum mínum vinum í kringum mig, að þeir dragi ekki dulur á tilfinningar sínar í þessu efni. Það er sjálfsagt, að það á að vera oss sjálfum innan handar, að sjá um, að þessir kvennaskólar svari sínum tilgangi, að þeir umfram allt sjeu þjóðlegir. Þar með vona jeg að enginn misskilji svo mál mitt, að stúlkurnar ekki megi læra neina fallega útlenda siði, og annað, sem þeim getur orðið til nytsemi og gleði, heldur meina jeg, að þær ætíð hafi það hugfast, að læra eitthvað verulegt; að þær ekki leggi sig niður við, að eyða tímanum til þess, að læra allskonar fitl og pjatt er ætíð ætti að vera fjarlægt öllum góðum íslenzkum konum. Jeg vildi einnig geta þess, að á slíkum kvennaskólum ætti að gjöra þeim að skyldu, að halda við sínum fallega þjóðbúningi, læra að sauma hann og búa hann til eptir reglum þeim og uppdráttum, er Sigurður sál. málari eptirljet sjer, sinni minningu til sóma. Einnig álít

Digitized by Google

jeg að það væri betra, að læra það vel, sem þær lærðu, þó námsgreinirnar væru færri, heldur en hlaupa úr einu í annað og svo þegar þær verða að fara úr skólanum, kunna ekkert nema til hálfs, og ekki það, sem þær hafa lært. Vjer verðum að hafa það hugfast, að það eru fæstar af stúlkum vorum, sem geta varið allri æfi sinni til að vera á slíkum skólum. Vjer þurfum þeirra með í lífsins skóla. Um leið og jeg vil biðja yður að drekka þessa skál, detta mjer í hug hin fögru orð skáldsins, þar sem hann segir:

Fósturlandsins Freyja,
fagra vanadís,
móðir, kona, meyja
meðtak lof og prís.
Blessað sje þitt blíða
bros og gullið tár,
vertu lands og lýða
ljós í þúsund ár.

Kvennanna skál!

Þegar staðið var upp frá borðunum, skemmtu gestirnir sjer við dansleiki, söng og skemmtilegar samræður. Þegar brúðhjónunum var fylgt heim um kveldið, var öll borgin uppljómuð af allavega litum flugeldum (Fyrværkeri). Þá var skemmtilegt að líta út á höfnina í kveldkyrðinni; gufuskipin voru öll prýdd með allavega litum ljósum. Allir sem höfðu setið brúðkaupið, luku einum munni upp um það, að þetta hefði verið eitt hið veglegasta brúðkaup, og hvers vegna skyldi ekki brúðkaup hjá oss Íslendingum geta verið eins skemmtilegt, eins og brúðkaup, hvar helzt annars staðar í heiminum?

Digitized by Google

Tímarnir breytast.

Eins og vjer gátum hjer að framan, hafði Slimon kaupmaður hjálpað Tryggva Gunnarssyni, til þess að kaupa verzlun og verzlunarhús Laurentiusar kaupmanns, og kaus hann sem sinn forstöðumann fyrir hinu nýja brezka- íslenzka gufuskipafjelagi; tók Tryggvi við þeim starfa vorið eptir að hann giptist. Kjartan varð verzlunarstjóri fyrir mág sinn. Brátt urðu menn varir við það, að mikil umskipti urðu í hinni fyrri búð Laurentiusar. Kjartan var kurteis og alúðlegur við alla sína skiptavini, og við það jókst verzlun hans dag frá degi. Menn urðu fljótt varir við það, að hinn nýi verzlunarstjóri ljet sjer annt um hag skiptavina sinna, eins og sinn eiginn. Hann ljet hina fátæku fá sama verð fyrir sína vöru, eins og hina ríku, þegar þeirra vara var eins góð. Hann gjörði mismun á vondri og góðri vöru, og borgaði betur hina góðu vöru, en þá, sem illa var verkuð. Þegar Kjartan hafði fólk í vinnu við uppskipun og annað, borgaði hann jafnt kvennfólki og karlmönnum, þegar þær unnu jafnt verk við karlmenn; hann kom af þeim gamla eigingirnis- og órjettlætissið, að borga kvennfólki ekki nema helming við karlmenn, þó þær vinni jafnt verk, eins og enn þá víða er siður; sýndi hann með því í verkinu, að hann vildi halda fram mannrjettindum hinna nýari tíma. Hann ljet jafnan á sjer heyra, að honum væri annt um vöxt og viðgang allra góðra fyrirtækja, er miðuðu að því, að efla hag fósturjarðarinnar, og var jafnan fremstur í flokki, að styrkja öll slík fyrirtæki, sem gátu orðið mönnum til gagns og sóma. Hann vandi þjóna sína á starfsemi, og glæddi hjá þeim um leið sjerhverja sjálfstæða og heiðarlega tilfinningu. Hann var jafnan

Digitized by Google

í verki með þeim. Aldrei sást hann iðjulaus, eins og sumir verzlunarstjórar nú á tímum, sem ráfa þetta daginn út og daginn inn, án þess, að gera nokkuð þarflegt; þeir stara þetta hugsunarlaust út í bláinn, en látast vera í djúpum og margbrotnum verzlunarþaunkum, til þess að villa smælingjana, sem halda að þeir sjeu miklu meiri menn, en þeir í raun og veru eru.

Tryggvi Gunnarsson hafði einnig nóg fyrir stafni, því verzlun Slimons og fjelaga hans jókst dag frá degi. Bændur sjálfir sendu með gufuskipunum hópa af fje til Bretlands, er Bretar borguðu allt í peningum; við það jukust peningarnir í landinu, og fyrir þá gátu landsmenn aptur keypt nauðsynjar sínar með betra verði, en þeir annars mundu hafa gjört. Margt fleira en peninga flutti Tryggvi inn í landið frá Bretlandi, er löndum hans varð að góðu liði; það var því ekki að undra, þó þessir menn fengju fylgi og aðstoð landa sinna. Á vetrum þegar gufuskipin fóru ekki eins opt á milli, byrjaði Tryggvi á því, að hann stofnaði í Reykjavík nýjan verzlunarskóla, kenndi hann þar ungum mönnum ensku, og margt fleira nytsamt, er laut að verzlun; í byrjuninni hafði hann enska kennara við skóla þennan. Þannig höfðu tímarnir breyzt frá því, sem fyrri var. Ef vjer gætum, þætti oss vænt um, að geta lýst sögu þeirra sona Tryggva og Kjartans, en þeirra starf liggur í hinum ókomna tíma. Vjer treystum því, að allir góðir og þjóðlegir lesendur fylgi þeim eins og góðir förunautar í huganum fullvissir um það, að þrátt fyrir allar mótspyrnur bæði utan að og innan að, getur engin tálmað því góða verki, er þeir eiga fyrir hendi, svo framarlega sem vjer trúum því og

Digitized by Google

treystum, að sú er höndin holl, sem hlífir, svo framarlega, sem vjer höfum það jafnan hugfast, að trúin, vonin og kærleikurinn skulu sigra vantrúna, örvæntinguna, og alla óvini hins góða og fagra.

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google